FRÉTTABLAÐIÐ

34. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 18. FEBRÚAR 2021



Í gærkvöldi voru þrír menn leiddir fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem lögregla gerði kröfu um gæsluvarðhald yfir þeim vegna rannsóknarhagsmuna og hugsanlegrar aðildar að morðinu í Rauðagerði. Alls hafa átta verið handteknir vegna málsins. Maðurinn sem lést hét Armando Beqirai. Hann lætur eftir sig konu og barn. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja vera áfram í þorpinu sínu

SEYÐISFJÖRÐUR Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, veit ekki til þess að nokkur íbúi á Seyðisfirði ætli að flytja úr bænum vegna ofanflóðanna og hættuástandsins þar.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Múlaþings

„Ég hef ekki skynjað annað en að vilji fólks sé til að búa áfram á Seyðisfirði. Þess vegna er verið að hraða vinnu eins og mögulegt er varðandi skipulagsþáttinn þannig að hægt sé að hefja framkvæmdir," segir Björn.

Sautján hús skemmdust mikið eða eru ónýt. Búseta er bönnuð í fjórum að auki. **– khg/ sjá síðu 4**

Jafnvægi í íbúðaverði

Húsnæðisverð í hlutfalli við laun og ráðstöfunartekjur er svipað og fyrir ári. Merki um að ekki hafi skapast verulegt ójafnvægi á húsnæðismarkaðinum.

FASTEIGNIR Húsnæðisverð í hlutfalli við laun og ráðstöfunartekjur er svipað og það var fyrir ári og nokkuð lægra en það var árin 2017 og 2018.

Þetta bendir til þess að ekki hafi skapast verulegt ójafnvægi á húsnæðismarkaði þrátt fyrir hækkanir, að sögn Ernu Bjargar Sverrisdóttur, aðalhagfræðings Arion banka.

Vísitala íbúðaverðs í janúar hækkaði aðeins um 0,09 prósent milli mánaða en það er minnsta hækkun vísitölunnar frá upphafi COVID, að undanskildum aprílmánuði þegar vísitalan lækkaði.

„Umsvifin eru vissulega enn þá mikil en svo virðist sem farið sé að hægjast um á markaðinum eftir mikinn yfirsnúning síðasta haust," segir Erna. Þá dróst velta á höfuðborgarsvæðinu saman um 37 prósent milli mánaða og kaupsamningum fækkaði um 31 prósent. Þrátt fyrir að tölurnar bendi til þess að það muni hægja á húsnæðismarkaðinum eru forsendur fyrir því að verð haldi áfram að hækka milli mánaða, að sögn Ernu.

Aðdráttarafl steinsteypu verður sífellt meira í heimi lágvaxtaumhverfis.

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhagfræðingur Arion banka

„Áhrifa vaxtalækkana gætir enn þá, kaupmáttur er að aukast, þau heimili sem ekki verða fyrir atvinnumissi standa vel og aðdráttarafl steinsteypu verður sífellt meira í heimi lágvaxtaumhverfis," útskýrir Erna.

Þá bendir Erna á að enn sé algengt að íbúðir seljist yfir ásettu verði, söluferlið sé stuttur. Framboðshorfur, í það minnsta til skemmri tíma, séu nokkuð dökkar. **– þfh / sjá síðu 8**

Fái að klifra í spennistöðinni

ÍÞRÓTTIR „Okkar hugmynd hvað aðstöðumálin varðar, sem við höfum verið að vinna að í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg, er að færa starfsemina í spennistöðina í Elliðaárdalnum," segir Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur.

Hugmyndin er að klifur, hjólabretti, bogfimi og bardagaíþróttir geti fengið athvarf í Elliðaárdalnum.

Aðstaða klifurfélagsins í Ármúla er sprungið og segir Benjamín að í spennistöðinni sé 1.560 fermetra húsnæði í eigu borgarinnar sem ekki sé verið að nýta. Þar vilji félagið byggja upp eins konar miðstöð jaðaríþrótta. **– hó / sjá síðu 16**

Yfirlýsing frá Ragnari Þór

Fréttablaðið birtir hér að neðan orðrétta yfirlýsingu frá Ragnari Þór Ingólfssyni:

„Á forsíðu Fréttablaðsins 16. febrúar sl. og á vefmiðlunum frettabladid.is og dv.is birtist umfjöllun um meintan veiðiþjófnað. Í umfjölluninni kom m.a. fram að veiðiþjófnaður á landi Seðlabanka Íslands á Suðurlandi hefði verið kærður til lögreglu fyrr í vetur. Fullyrt var að Ragnar Þór Ingólfsson hefði verið staðinn að ólöglegri netalögn.

Þú ert hvorki skráður sem sakborningur né vitni í tengslum við þetta mál.

Lögreglan á Suðurlandi

Umfjöllunin var röng þar sem Ragnar Þór Ingólfsson var ranglega bendlaður við málið. Fulltrúi lögreglunnar á Suðurlandi hefur staðfest eftirfarandi:

„Samkvæmt gögnum málsins sem varðar meintan veiðiþjófnað og/eða ólöglega netaveiði í Holtsá, þá get ég staðfest, Ragnar Þór, að þú ert hvorki skráður sem sakborningur né vitni í tengslum við þetta mál.““

Staðfesting lögreglu á Suðurlandi.

ATHS.RITSTJ.

Frétt blaðsins sem um ræðir er byggð á frásögnum tveggja manna sem voru á vettvangi. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir til lögreglu við vinnslu fréttarinnar varðandi hugsanlega aðild Ragnars Þórs Ingólfssonar að meintu veiðibroti fengust ekki upplýsingar um það atriði. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Ragnar Þór hvergi hafa komið nærri ólöglegri netalögn og var því skilmerkilega haldið til haga í fréttinni.

Syntu frítt

Frítt var í sund víða um land í gær í tilefni G-vítamín átaks Landssamtakanna Geðhjálpar. Þeir Högni Egilsson tónlistarmaður og Bergur Ebbi Benediktsson, rithöfundur með meiru, nýttu gullið tækifæri og skelltu sér í Vesturbæjarlaug ásamt fjölda annarra borgarbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Neteinelti barna orðið algengara

INNLENT Æskulýðsvettvangurinn heldur í dag rafrænt örnámskeið á Facebook um neteinelti á meðal barna og ungmenna.

„Það er mun algengara en fólk heldur og er stærsta ógnin sem börn og ungmenni standa frammi fyrir,“ segir Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins.

Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins

Á námskeiðinu, sem er hluti vitundarvakningar um neteinelti, verður farið yfir birtingarmyndir, afleiðingar og vísbendingar um neteinelti og hvernig sporna má við því. Sema Erla segir fullorðna leika lykilhlutverk í að sporna gegn og stöðva neteinelti. **– þp**

Hundaeigendur fagna lækkun hundagjalds

Reykjavíkurborg hefur stofnað DÝR, Dýraþjónustu borgarinnar, sem á að einfalda alla þjónustu. Borgin vill fá hundaeigendur til að skrá sína hunda en eigendur skilja ekkert í hvað gjaldið fer. Þeir fagna þó lækkun gjaldsins.

HUNDAR Reykjavíkurborg hefur stofnað Dýraþjónustu borgarinnar og hyggst einfalda alla þjónustu vegna dýrahalds í borginni. Þjónustan hefur skammstöfunina DÝR.

Um tímabundið tilraunaverkefni er að ræða til þriggja ára með það að markmiði að hækka hlutfall skráðra hunda í Reykjavík.

Skráningargjaldið verður nú 12 þúsund krónur en var áður tæplega 21 þúsund krónur. Árlegt þjónustu- og eftirlitsgjald lækkar um helming, fer úr um 20 þúsundum í tæpar 10 þúsund krónur. Verkefnið byggir á mati stýrihóps um þjónustu við gæludýr þar sem fram kemur að hlutfall skráðra hunda fari lækkandi í borginni og nauðsyn þess að snúa þeirri þróun við.

Samkvæmt greinargerð sem lögð var fyrir borgarstjórn kemur fram að til að standa undir rekstri hundaeftirlitshluta nýrrar Dýraþjónustu, sem sé um 31 milljón króna á ári, þurfi að fjölga skráningum um hartnær 80 prósent.

Fjölgi skráningum umfram áætlanir er jafnvel unnt að lækka gjaldskrána enn frekar. Hugsunin er að gjöld standi undir kostnaði vegna hundahalds. Hver sá kostnaður er og í hvað hann fer er ekki alveg vitað, samkvæmt framkvæmdastjóra HRFÍ, Guðnýju Rut Isaksen.

„Hundasamfélagið hefur velt þessu gjaldi fyrir sér. Það hefur verið kallað eftir útskýringum hvað gjaldið fer í og hingað til skilst mér að það hafi aðallega verið launakostnaður vegna utanumhalds um skráningar og afskráningar. Markmið skráningar hefur síðan verið aðallega að rukka gjaldið. Það getur seint talist þjónusta við hundaeigendur og hlýtur að skýrast af athugunarleysi. En það er gott ef það á að breytast, enda sárvantar raunverulega þjónustu við hundaeigendur,“ segir Guðný.

Gert er ráð fyrir uppbyggingu hundagerða fyrir átta milljónir króna. Tvær milljónir munu fara í leiktæki en sex milljónir í stækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Endurskoða á samþykkt um dýrahald og koma skráningum vegna þeirra á rafrænt form. Gjaldskráin mun lækka.

Að sögn Guðnýjar er líklega allur gangur á því hvort fólk skrái hundana sína hjá borginni.

„Ástæðan fyrir því er kannski að hluta að þetta gjald hefur runnið í hundaeftirlit sem er einnig ábyrgt fyrir því að handsama týnda hunda, sem gerist örsjaldan. Þeir finnast bara á Facebook. Gjaldið hefur hingað til verið óskýrt og á herðum hundaeigenda umfram aðra dýraeigendur.“

Guðný fagnar þó þessu skrefi og sérstaklega aukinni fræðslu, enda kunni ekki allir að umgangast hunda.

„Vonandi er þetta skref í áttina að jákvæðara viðhorfi og meiri fræðslu, enda hefur hundaeign aukist mikið. Það er mikilvægt að kenna börnum og fólki almennt að umgangast hunda. Sá angi er afskaplega jákvæður sem og lækkun á gjaldinu þó það megi velta ýmsum hliðum upp um það mál, eins fögnum við að sjálfsögðu boðuðu auknu samstarfi við borgina,“ segir Guðný.

benediktboas@frettabladid.is

KVIKA

Eignastýring

Kvika eignastýring leitar að öflugu starfsfólki

Kvika eignastýring er leiðandi í eigna- og sjóðastýringu á Íslandi, þar sem áhersla er lögð á langtímahugsun og árangur viðskiptavina. Hjá Kviku eignastýringu starfa 30 manns í metnaðarfullu, drífandi og jákvæðu umhverfi.

Ef þú ert metnaðarfullur og framsækinn einstaklingur og vilt láta gott af þér leiða þá höfum við áhuga á að fá þig til liðs við okkur og taka þátt í þeirri vegferð sem framundan er.

Fjárfestingastjóri – Framtakssjóðasvið

Við leitum eftir reynslumiklum fjárfestingastjóra í framtakssjóðateymi félagsins. Viðkomandi mun taka þátt í að fjárfesta fyrir hönd framtakssjóðanna, bera ábyrgð á að afla og greina fjárfestingartækifæri, leiða samningaviðræður og fylgja eftir fjárfestingum.

Sérfræðingur – Fjármála- og rekstrarsvið

Við leitum eftir öflugum, jákvæðum og úrræðagóðum einstaklingi í hóp sérfræðinga á fjármála- og rekstrarsviði félagsins. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða greiningarhæfni, búa yfir metnaði og vilja til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Áhættustjóri

Við leitum eftir metnaðarfullum starfsmanni í starf áhættustjóra félagsins. Viðkomandi mun hafa umsjón með mótun, skipulagi og framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits félagsins. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra Kviku eignastýringar.

Sérfræðingur – Sjóðastýringarsvið

Við leitum eftir öflugum, jákvæðum og úrræðagóðum einstaklingi til að starfa sem sérfræðingur á sjóðastýringarsviði félagsins. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða greiningarhæfni, búa yfir metnaði og vilja til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Áhugasömum er bent á að sækja um á Alfreð.is — Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar.

Kröfðust gæsluvarðhalds yfir þremur til viðbótar í morðmálinu

MORÐ Í RAUÐAGERÐI Maðurinn sem ráðinn var bani fyrir utan heimili sitt í Rauðagerði á laugardagskvöld hét Armando Beqirai. Hann var fæddur árið 1988 og var frá Albaníu. Armando lætur eftir sig eiginkonu og eitt barn sem bæði voru á heimilinu er morðið var framið.

„Þetta er mjög stór og umfangsmikil rannsókn," segir Margeir Sveinsson, yfirlögregluþjónn hjá miðlægri rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Margeir segir almenning ekki þurfa að óttast. Ef svo væri myndi lögreglan grípa til viðeigandi ráðstafana. Til skoðunar sé hvort aukin harka hafi færst í undirheimana.

Í gærkvöldi voru alls átta í haldi lögreglu vegna málsins. Eru þeir bæði búsettir hér og erlendis. Einn þeirra er karlmaður frá Litháen sem var handtekinn skömmu eftir morðið. Hann er í gæsluvarðhaldi fram á föstudag.

Einn mannanna þriggja leiddur inn í héraðsdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrír menn til viðbótar voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald á þriðjudag.

Í gærkvöldi voru síðan þrír menn af fjórum sem handteknir voru í framhaldinu leiddir fyrir dómara og gæsluvarðhalds yfir þeim krafist.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi lá ekki fyrir hvort dómari hefði orðið við kröfum lögreglunnar og hvort krafist yrði gæsluvarðhalds yfir fjórða manninum einnig. – þp

Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, í Milwaukee. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Allir fá bóluefni fyrir lok júlí

BANDARÍKIN Joe Biden Bandaríkjaforseti lét þau orð falla á blaðamannafundi CNN í Milwaukee í Wisconsin-ríki á þriðjudag að bóluefni fyrir alla Bandaríkjamenn sé væntanlegt fyrir lok júlí. „Það er eitt að fá bóluefnið og annað að fá fólk til bólusetningar," bætti forsetinn þó við.

Biden hafði áður sagt að á fyrstu hundrað dögum forsetatíðar sinnar væri markmiðið að bólusetja Bandaríkjamenn með 100 milljón skömmtum af bóluefni.

Í síðustu viku sögðu fulltrúar Bidens að ríkisstjórnin hefði tryggt 200 milljón skammta af bóluefni til viðbótar, nóg fyrir alla þjóðina. – þsh

Karlmaður varð fyrir bíl og lést

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á áttræðisaldri lést í umferðarslysi á gatnamótum Kauptúns og Urriðaholtsstrætis í Garðabæ í gær.

„Varð maðurinn fyrir bifreið er hann gekk yfir götuna. Tilkynning um slysið barst lögreglu klukkan 7.54," segir í tilkynningu frá lögreglunni sem biður möguleg vitni að slysinu að hafa samband. Lögreglan ásamt rannsóknarnefnd samgönguslysa rannsaki tildrög slyssins og að ekki sé unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. – gar

Seyðfirðingar vilji búa áfram í þorpinu þrátt fyrir skriðuvá

Sveitarstjóri Múlaþings hefur ekki orðið var við annað en að íbúar á Seyðisfirði vilji dvelja þar áfram þrátt fyrir skriðuföll og sífelldar rýmingar. Fólk hafi skilning á aðgerðunum sem munu standa fram á vorið en þriðju rýmingunni var aflétt í gær. Hafin er vinna við uppkaup á fjórum óskemmdum húsum.

NÁTTÚRUVÁ Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, veit ekki til þess að neinn íbúi á Seyðisfirði hafi ákveðið að flytja úr bænum vegna ofanflóðanna í desember og viðvarandi hættuástands sem verið hefur síðan. Í þrjú skipti á innan við mánuði hefur hluti þorpsins verið rýmdur, síðast á þriðjudag, og Björn segir íbúa hafa skilning á aðgerðunum.

„Ég hef ekki skynjað annað en að vilji fólks sé til að búa áfram á Seyðisfirði. Þess vegna er verið að hraða vinnu eins og mögulegt er varðandi skipulagsþáttinn þannig að hægt sé að hefja framkvæmdir við nýbyggingar sem fyrst," segir Björn. Verið er að mynda starfshóp til að mynda stefnuna, til dæmis varðandi flutning húsa.

Alls skemmdust 39 hús í skriðuföllunum í desember, þar af 17 mikið eða eru gjörónýt. Þar fyrir utan hefur búseta verið bönnuð í 4 húsum og segir Björn að vinna sé hafin við uppkaup á þeim í samvinnu við Ofanflóðasjóð.

Ester Hlíðar Jensen, landmótunarfræðingur hjá Veðurstofunni, segir að rýmingarnar séu gerðar í ákveðnum skrefum. Það er til að sjá hvernig hlíðin bregst við vaxandi úrkomuveðri. „Við munum halda þessu plani fram á vor þegar leysingarnar verða," segir hún. „Í vor eða sumar verður svo gert hættumat og nýtt verklag í kjölfarið." Vel er fylgst með svæðinu og fyrir rýminguna á þriðjudag hafði vatn aukist í holum vegna bráðnunar. „Við vildum sjá hvaða áhrif það hefði að ákveðin úrkoma kæmi ofan á þannig aðstæður," segir Ester.

Vonast er til að aðgengi að húsum verði komið í lag í marslok en hreinsun stendur út árið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Auðvitað er þetta ekki það sem maður helst kýs en þessar aðgerðir almannavarna eru skynsamlegar og bera vott um að verið sé að gæta fyllstu varúðar.
>
> Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings

Aðspurð hvort ástandið á Seyðisfirði tengist loftslagsbreytingum segist Ester ekki geta fullyrt um það. Oft hafi rignt meira en þetta á undanförnum áratugum. Árið í ár sé þó sérstakt að því leyti að svo mikið hafi rignt í desember.

„Auðvitað er þetta ekki það sem maður helst kýs en þessar aðgerðir almannavarna eru skynsamlegar og bera vott um að verið sé að gæta fyllstu varúðar," segir Björn. Hreinsun stendur nú yfir og horft er til þess að laga aðgengi að húsum fyrir lok marsmánaðar þrátt fyrir að veðurfarið hafi truflað. Hreinsunarstarfið allt klárist þó ekki fyrr en í lok ársins.

Náttúruhamfarasjóður bætir skemmt húsnæði en þar fyrir utan hefur sveitarfélagið greitt 90 milljónir fyrir ýmis verkefni og tínist enn til. Þá er sveitarfélagið að gera úttekt á röskun atvinnulífsins í þorpinu í samstarfi við Austurbrú. Hún sé töluverð, illfært hefur verið lengi um svæðið og hin svokallaða Silfurhöll, þar sem nokkur fyrirtæki höfðu aðstöðu, gjöreyðilagðist.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Allt að 80% lán Ástandsskoðun Fjármögnun á staðnum

ALLT AÐ 700.000 kr. AFSLÁTTUR!

VETRAR TILBOÐ!

Gríptu tækifærið í febrúar og keyrðu betur í vetur!

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

RENAULT Megane Zen Sport Tourer
Nýskr. 07/17, ekinn 83 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 2.290.000

TILBOÐ! 1.790.000 kr.

*21.424 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.

SSANGYONG Rexton HLX
Nýskr. 09/17, ekinn 109 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000

TILBOÐ! 2.990.000 kr.

*35.543 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.

NISSAN Pulsar Visia
Nýskr. 04/16, ekinn 90 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð 1.290.000

TILBOÐ! 990.000 kr.

*12.011 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

RENAULT Captur Zen
Nýskr. 02/18, ekinn 84 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð 1.890.000

TILBOÐ! 1.490.000 kr.

*17.894 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

VW E-Up
Nýskr. 05/15, ekinn 48 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 1.590.000

TILBOÐ! 1.090.000 kr.

*13.187 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 01/19, ekinn 83 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.190.000

TILBOÐ! 4.490.000 kr.

*53.192 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.

HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 04/19, ekinn 65 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð 2.790.000

TILBOÐ! 2.490.000 kr.

*29.660 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.

SUBARU Outback Lux+ Eyesight
Nýskr. 03/17, ekinn 127 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000

TILBOÐ! 3.290.000 kr.

*38.014 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.

SKODA Octavia Combi 4x4
Nýskr. 02/18, ekinn 82 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000

TILBOÐ! 2.990.000 kr.

*35.543 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 200.000 KR.

HYUNDAI I10 Classic
Nýskr. 10/16, ekinn 113 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð 790.000

TILBOÐ! 590.000 kr.

*7.304 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.

DACIA Sandero
Nýskr. 03/18, ekinn 72 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð 1.290.000

TILBOÐ! 990.000 kr.

*12.011 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.

NISSAN Micra Acenta
Nýskr. 10/17, ekinn 40 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð 1.890.000

TILBOÐ! 1.590.000 kr.

*19.071 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

RENAULT Clio Intens Sport Tourer
Nýskr. 08/18, ekinn 14 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.590.000

TILBOÐ! 2.190.000 kr.

*26.130 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

RENAULT Megane IV Zen
Nýskr. 06/18, ekinn 40 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000

TILBOÐ! 2.390.000 kr.

*28.483 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

HYUNDAI Ioniq Comfort Phev
Nýskr. 02/18, ekinn 62 þ.km, bensín, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 3.290.000

TILBOÐ! 2.790.000 kr.

*33.190 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

Við erum í spjallfæri á **www.bilaland.is**

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum. Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lykill

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bilalána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

ENNEMM / SÍA / NM004522

Notkun sýklalyfja hér á á landi dróst saman um sextán prósent á milli áranna 2019 og 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bein áhrif sóttvarna á notkun á sýklalyfjum

Verulegur samdráttur varð í notkun sýklalyfja í fyrra. Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir segir beina tengingu milli aukinna sóttvarna og færri ávísana á sýklalyf. Segir sóttvarnir áfram mikilvægar þótt faraldurinn sé nú í lágmarki.

HEILBRIGÐISMÁL Verulegur samdráttur varð í notkun sýklalyfja á síðasta ári en ávísunum sýklalyfja fækkaði um sextán prósent á milli áranna 2019 og 2020.

Á tímabilinu 2015–2019 var meðalfjöldi ávísana 670 ávísanir á hverja þúsund íbúa en á síðasta ári voru þær 500 á hverja þúsund.

Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala, segir að líklega sé um beina tengingu á milli aukinna sóttvarna og minni sýklalyfjanotkunar að ræða.

„Fólk er náttúrlega að huga sérstaklega vel að smitvörnum núna og er meira heima, þá verður smittíðni almennt minni í samfélaginu og þar af leiðandi verður sýklalyfjanotkun minni," segir Björn.

Aðspurður um það hvaða áhrif minni notkun sýklalyfja geti haft á sýklalyfjaónæmi segir Björn að of snemmt sé að segja til um það en sýklalyfjaónæmi er af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni metið sem ein mesta ógn heilbrigðis í heiminum.

„Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans hefur haldið gríðarlega vel utan um tíðni fjölónæmra baktería og sem betur fer höfum við ekki verið í hættulegum tölum hér á landi en þetta fer vaxandi," segir Björn. Þegar talað er um fjölónæmar bakteríur er átt við bakteríur sem sýklalyf hrína ekki á.

> Það má því segja að það sé jákvæður punktur í faraldrinum að það sé að draga úr notkun sýklalyfja og það mun draga úr fjölónæmum bakteríum.

Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala

„Bakteríur eru alveg ótrúlega sniðugar og fljótar að mynda ónæmi og vírusinn er náttúrlega að stökkbreytast líka, hann finnur sér leiðir fram hjá svo þetta á líka við um vírusa, en bakteríurnar eru það sem við höfum haft meiri áhyggjur af í gegnum tíðina."

Að sögn Björns hafa komið upp fjölónæmisbakteríustofnar hér á landi en starfsfólk spítalans sé stöðugt á varðbergi gagnvart slíkum sýkingum.

„Sýkla- og veirufræðideildin skimar fyrir slíkum sýkingum reglulega," segir Björn.

„Það má því segja að það sé jákvæður punktur í faraldrinum að það sé að draga úr notkun sýklalyfja og það mun draga úr fjölónæmum bakteríum," segir Björn, en bætir við að hann telji að þróunin verði fljót að breytast með tilslökunum á sóttvarnareglum. „Þá fer fólk að sýkjast aftur, en ekki aðeins vegna þess heldur er tíðni sýkinga alltaf há á þessum árstíma."

Björn segir mikilvægt að fólk haldi áfram að huga vel að sóttvörnum þrátt fyrir að faraldurinn sé í lágmarki hérlendis.

„Fólk verður bara að reyna að temja sér skynsamleg viðbrögð og þá er ég ekki að mælast til þess að fólk gangi um með maska eða spritti sig í tíma og ótíma, heldur það að passa upp á hreinlæti og handþvott á sama tíma og við lifum lífinu lifandi," segir Björn.

birnadrofn@frettabladid.is

Loksins byrjað að bólusetja á Gaza

ÍSRAEL Tvö þúsund skammtar af rússneska Sputnik V-bóluefninu gegn COVID-19 komu til Gaza-strandarinnar í gær. Þetta er fyrsta bóluefnið sem berst þangað en tafir urðu á afhendingu vegna þess að Ísraelsmenn, sem stjórna flestum inngönguleiðum til Gaza, hafa dregið lappirnar með að veita leyfi fyrir flutningi bóluefnisins þangað.

Stjórnmálamenn á hægri væng stjórnmálanna í Ísrael vildu ekki að nein bóluefni yrðu send til Gaza nema að tveimur ísraelskum ríkisborgurum, sem talið er að haldið sé föngnum þar, yrði sleppt og líkamsleifar tveggja ísraelskra hermanna fluttar til Ísrael.

Bólusetningarherferð Ísraela hefur vakið heimsathygli og er ein þeirra sem gengið hefur hvað best í heiminum. Stjórnvöld þar hafa verið gagnrýnd fyrir að standa í vegi fyrir dreifingu bóluefna til Palestínu, bæði Gaza og Vesturbakkans, þar sem um 5,2 milljónir Palestínumanna búa. Samkvæmt palestínskum yfirvöldum hafa greinst meira en 53 þúsund tilfelli COVID-19 og 537 látist.

Heilbrigðisstarfsmenn afferma fyrstu skammtana af Sputnik V á Gaza-svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Samkvæmt palestínskum yfirvöldum hafa greinst meira en 53 þúsund tilfelli COVID-19 og 537 látist.

Bóluefnaskammtarnir sem bárust til Gaza-strandarinnar duga fyrir þúsund manns en líkt og með flest önnur bóluefni gegn COVID-19 þarf tvo skammta til að það öðlist fulla virkni. Fyrstu skammtarnir verða veittir sjúklingum sem fengið hafa líffæragjafir eða þjást af nýrnabilun. Heilbrigðisstarfsfólk verður ekki bólusett að sinni þar sem ekki er um nægt magn bóluefnis að ræða. – þp



Viktor & Rolf fæst í Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VIKTOR&ROLF
ILMUM DAGANA 18. – 24. FEBRÚAR

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Fátt bendir til vaxandi ójafnvægis

Merki eru um að farið sé að hægja á húsnæðismarkaðinum að sögn aðalhagfræðings Arion banka. Góðar forsendur fyrir áframhaldandi hækkunum og fátt bendir til vaxandi ójafnvægis á markaðinum. Húsnæðisverð í hlutfalli við laun lægra en 2017 og 2018.

Nýjar tölur um húsnæðismarkaðinn bera merki þess að farið sé að hægja á markaðinum. Þrátt fyrir það eru góðar forsendur fyrir áframhaldandi hækkunum og fátt bendir til verulega vaxandi ójafnvægis á markaðinum miðað við undirliggjandi þætti. Húsnæðisverð í hlutfalli við laun og ráðstöfunartekjur er svipað og það var fyrir ári síðan og nokkuð lægra samanborið við árin 2017 og 2018.

„Umsvifin eru vissulega enn þá mikil en svo virðist sem farið sé að hægjast um á markaðinum eftir mikinn yfirsnúning síðasta haust," segir Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhagfræðingur Arion banka, í samtali við Fréttablaðið.

Þjóðskrá Íslands birti í gær vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu fyrir janúarmánuð. Vísitala íbúðaverðs hækkaði aðeins um 0,09 prósent milli mánaða en það er minnsta hækkun vísitölunnar frá upphafi COVID, að undanskildum aprílmánuði þegar vísitalan lækkaði. Vísitalan hefur hækkað um 1,5 prósent síðastliðna þrjá mánuði og 4,3 prósent síðastliðna sex mánuði.

Fjölbýli knúði hækkunina, en það hækkaði um 0,15 prósent milli mánaða á meðan sérbýli lækkaði um 0,18 prósent milli mánaða. Þetta þýðir að hækkunartaktur bæði fjölbýlis og sérbýlis hefur lækkað en fjölbýli stendur í 6,8 prósenta hækkun milli ára og sérbýli í 7,8 prósentum.

Þá dróst velta á höfuðborgarsvæðinu saman um 37 prósent milli mánaða og kaupsamningum fækkaði um 31 prósent. Ef litið er á landið í heild sinni þá fækkaði kaupsamningum um 29 prósent en veltan lækkaði aðeins um 8,1 prósent.

Erna tekur fram að erfitt sé að draga sterkar ályktanir úr tölunum, bæði vegna sveiflna milli mánaða og þeirrar staðreyndar að umsvif eru að jafnaði minni í janúar samanborið við aðra mánuði.

„Engu að síður bendir þróunin síðastliðna tvo mánuði til þess að farið sé að hægja á húsnæðismarkaðinum og að toppnum hafi verið náð síðasta haust, bæði hvað varðar verðhækkanir og umsvif," segir Erna. Hún bendir á að í fyrsta sinn frá aprílmánuði lækkaði árstaktur-



Fjölbýli knúði hækkunina, en það hækkaði um 0,15 prósent milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

0,09

prósent var hækkun íbúðaverðs milli mánaða.

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við undirliggjandi þætti (Vísitala, janúar 2011=100)



> **Verðhækkanirnar hafa verið meiri og komið hraðar fram en reiknað var með.**
>
> Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhagfræðingur Arion banka

inn, þ.e.a.s. það hægði á verðhækkunum milli ára, úr 7,7 prósentum í 7,3 prósent.

„Þrátt fyrir hóflega hækkun milli mánaða í janúar hefur þróunin undanfarna mánuði komið dálítið á óvart, að því leyti að verðhækkanirnar hafa verið meiri og komið hraðar fram en reiknað var með," bætir hún við.

Þrátt fyrir að tölurnar bendi til þess að það muni hægja á húsnæðismarkaðinum eru forsendur fyrir því að verð haldi áfram að hækka milli mánaða að sögn Ernu. „Áhrif vaxtalækkana gætir ennþá, kaupmáttur er að aukast, þau heimili sem ekki verða fyrir atvinnumissi standa vel og aðdráttarafl steinsteypu verður sífellt meira í heimi lágvaxtaumhverfis," útskýrir Erna.

Þá bendir hún á að enn sé algengt að íbúðir seljist yfir ásettu verði, sölutími sé stuttur og framboðshorfur, að minnsta kosti til skemmri tíma, séu nokkuð dökkar.

Því til viðbótar benda undirliggjandi þættir ekki til verulega vaxandi ójafnvægis á markaðinum. „Þrátt fyrir að húsnæðisverð hafi hækkað umfram byggingarkostnað, þróun sem vonandi hvetur til aukinnar uppbyggingar núna þegar framboðið er að dragast saman, er húsnæðisverð í hlutfalli við laun svipað og það var fyrir ári síðan og nokkuð lægra samanborið við árin 2017 og 2018," segir Erna. Sömu sögu er að segja um húsnæðisverð sem hlutfall af ráðstöfunartekjum.

thorsteinn@frettabladid.is

Ársfundur 2021

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2021 verður haldinn þriðjudaginn 23. mars 2021 kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík. Vegna sóttvarnareglna stjórnvalda eru sæti í fundarsal takmörkuð.

Fundurinn er einnig rafrænn og eru sjóðfélagar hvattir til þátttöku með þeim hætti, nánari upplýsingar verða birtar á vef sjóðsins, www.live.is.

Dagskrá fundarins

- Venjuleg ársfundarstörf skv. grein 6.6 í samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Reykjavík, 21. janúar 2021
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

live.is

Icelandair þurfi að draga á lánalínuna á þessu ári

Ekki er ólíklegt að sjóðsstaða Icelandair verði orðin þröng í lok árs og að félagið þurfi að draga á lánalínur með ríkisábyrgð. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýju verðmati Jakobsson Capital á Icelandair Group, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Greinandi Jakobsson Capital er ekki sérlega bjartsýnn til næstu mánaða, þótt faraldurinn sé í hraðri rénun. „Ólíklegt er að tekjur Icelandair muni aukast um nærri 60 prósent árið 2021 og verða 683 milljónir dollara, líkt og gert var ráð fyrir í kynningu Icelandair í aðdraganda útboðs," segir hann og vísar þar til hlutafjárútboðs Icelandair í vetur.

Tekjuáætlun hefur verið lækkuð umtalsvert frá síðasta verðmati. Áður var gert ráð fyrir að ferðaþjónustan tæki við sér af krafti seinni hluta árs 2021 en nú er gert ráð fyrir að það verði ekki fyrr en árið 2022 og hefur rekstraráætlun verið í raun hliðrað um 6 mánuði. Flugárið 2021 verður því svipað og flugárið 2020.

Íslensk stjórnvöld veittu félaginu ábyrgð á lánalínu að fjárhæð allt að 120 milljónum Bandaríkjadala í aðdraganda útboðsins. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, hefur sagt að markmið stjórnenda sé „númer eitt, tvö og þrjú" að nota ekki þessa lánalínu.

Ef spá Jakobsson Capital gengur eftir verður sjóðsstaða Icelandair orðin þröng í lok árs og ekki ólíklegt að félagið þurfi að draga um 40 til 50 milljónir dala á lánalínur.

Verðmatsgengið á Icelandair er 2,18.

> **Ef spá Jakobsson Capital gengur eftir verður sjóðsstaða Icelandair orðin þröng í lok árs.**

„Ljóst er að þetta er töluvert dekkri mynd en var dregin upp í kynningu Icelandair í aðdraganda útboðs, segir í verðmatinu. Eiginfjárhlutfallið mun fara niður í 9,4 prósent í ár en sviðsmynd Icelandair gerði ráð fyrir að það yrði lægst 14 prósent.

Verðmatið á Icelandair er nú 475 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 62 milljarða króna, en var 557 milljónir dala við útgáfu síðasta verðmats og lækkar um tæplega 15 prósent. Verðmatsgengi nú er 2,18 krónur á hlut en var síðast 2,70 og lækkar um 19 prósent. – **þfh**

Rafrænn aðalfundur Marel hf. 2021

Rafrænn aðalfundur Marel hf. verður haldinn miðvikudaginn 17. mars nk., kl. 16:00.

Drög að dagskrá:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
3. Skýrsla forstjóra.
4. Ársreikningar félagsins fyrir starfsárið 2020 lagðir fram til staðfestingar.
5. Ákvörðun hvernig skuli fara með hagnað fyrir árið 2020.
6. Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu félagsins.
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna árið 2021.
9. Ákvörðun um greiðslu til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
10. Tillögur um breytingu á grein 15.2. í samþykktum félagsins:

    Greinin heimilar stjórn félagsins að hækka hlutafé um allt að 100 milljónir króna að nafnvirði, sem m.a. má nota í tengslum við fyrirtækjakaup. Samkvæmt breytingatillögunni er heimildin lækkuð niður í 75 milljónir króna að nafnvirði, sem nemur 9,7% af útgefnu hlutafé, og heimilað er að selja nýtt hlutafé í útboði í umsjón fjármálafyrirtækis. Gildistími heimildarinnar er styttur úr 5 árum í 18 mánuði. Breytingatillagan er í samræmi við evrópska markaðsframkvæmd.

11. Kosning stjórnar félagsins.
12. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
13. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Aðalfundurinn verður aðeins haldinn með rafrænum hætti. Allir hluthafar þurfa að skrá þátttöku á fundinum og eru hluthafar hvattir til að skrá sig tímanlega. Lokað verður fyrir skráningu klukkan 12 á hádegi á fundardegi.

Skráning á fundinn hefst klukkan 12 á hádegi fimmtudaginn 18. febrúar og lýkur á hádegi á fundardag. Sérstaklega er bent á að hluthafar sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni í Amsterdam sem óska eftir því að mæta og kjósa á aðalfundinum þurfa að tryggja að vörsluaðili hlutabréfanna hafi skráð mætingu tímanlega á fundinn í vefgátt ABN AMRO. Þetta gildir um alla hluthafa, innlenda sem og erlenda, sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni, einnig þá sem eiga líka hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi.

Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi skrá þátttöku á fundinum í Lumi AGM vefgáttinni á https://smartagm.com. Atkvæðagreiðsla á aðalfundinum mun fara fram á rafrænan hátt, með Lumi AGM snjallforritinu eða Lumi AGM veflausninni.

Stjórn Marel hefur ákveðið að heimila hluthöfum að kjósa með rafrænum hætti fyrir aðalfundinn. Rafræn kosning vegna hlutabréfa sem skráð eru á Nasdaq á Íslandi fer fram í vefgátt Lumi AGM á https://smartagm.com. Kosningin hefst klukkan 12 á hádegi föstudaginn 12. mars nk. og lýkur á hádegi á fundardag 17. mars nk., og geta hluthafar breytt atkvæði sínu fram að þeim tíma.

Rafræn kosning vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext kauphöllinni í Amsterdam fer fram í gegnum vefgátt ABN AMRO. Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni í Amsterdam þurfa að láta vörsluaðila hlutabréfa sinna vita hvernig þeir vilja kjósa og vörsluaðilar skila atkvæðunum í gegnum vefgátt ABN AMRO. Rafræn kosning vegna hlutabréfa skráðra í Euronext kauphöllinni í Amsterdam hefst á hádegi fimmtudaginn 18. febrúar og lýkur á hádegi á fundardegi.

Þau sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti 14 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 3. mars n.k.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 sunnudaginn 7. mars n.k., á netfangið agm@marel.com. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsvæði félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn.

Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2020, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 17. febrúar 2020, reglur um rafræna kosningu auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum 14 dögum fyrir fundinn á framangreindum vef félagsins.
Stjórn Marel hf.

Baula í vetrarbúningi, séð úr Norðurárdal. MYND/ÓMB

Gullkálfur úr baulusteini

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Baula í Borgarfirði er með fallegri fjöllum og kennileiti sem sést víða að, enda nær hún 934 m hæð. Fjallið er keilulaga og úr suðvestri líkist það píramída. Baula er gerð úr litríku líparíti sem fær gyllt yfirbragð þegar sólin skín á brattar hlíðar hennar. Nafnið Baula kemur fyrir í ýmsum örnefnum og í samsettum orðum vísar nafnið oftast til kýr eða kálfs. Því má hæglega líkja Baulu við gullkálf. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna sést að ljósgrýtið í Baulu vakti þegar á 18. öld forvitni náttúruvísindamanna og á Jónas Hallgrímsson skáld að hafa sent sýnishorn úr því til Kaupmannahafnar. Þar rannsakaði jarðfræðingurinn Johann Georg Forchhammer grjótið og taldi nýja steintegund, sem hann kallaði „Baulit“, eða baulustein á íslensku. Síðar kom í ljós að um líparít (rhyolít) var að ræða, sem ekki er bundið við Baulu heldur finnst víða um land, til dæmis á Torfajökulssvæðinu, Kerlingarfjöllum, Lónsöræfum og á Víknaslóðum. Líparítið í Baulu er þó sérstakt því það er talið hafa myndast í tróðgosi og í því bregður fyrir innskotum sem skarta stuðlabergi og steinhellum sem Borgfirðingar notuðu áður til húsa- og legsteinagerðar.

Steinatöku við rætur fjallsins var hætt fyrir löngu en þeir sem leggja til atlögu við Baulu þurfa þó að klöngrast yfir stórgrýti í hlíðum hennar. Það getur verið snúið og sýna verður aðgát, sérstaklega þegar steinarnir verða flughálir í rigningu. Við slíkar aðstæður getur niðurferðin orðið að píslargöngu yfir stærðar legsteina. Brattinn er líka töluverður og ganga á Baulu er því aðeins fyrir vant fjallafólk. Oftast er gengið upp á tindinn að suðvestanverðu og fylgt hrygg sem gengur út úr fjallinu. Önnur vinsæl gönguleið liggur upp suðausturhlíðar fjallsins, en skriðurnar þar eru ekki síður lausar í sér. Hægt er að ganga á Baulu að vetri til en þá þarf jöklabúnað og mikilvægt er að gæta sín á ís og snjóflóðum. Útsýnið efst er magnað og sést í Langjökul, Eiríksjökul, Ok og Þórisjökul en líka Hlöðufell, Skjaldbreið, Hafnarfjall og Tröllakirkju. Lítið sést þó af tjörn á tindinum sem gamlar sagnir segja að geymi óskastein á botninum. Á Jónsmessunótt ár hvert flýtur hann upp á yfirborðið og nái maður að grípa hann er hægt að fá óskir sínar uppfylltar. Ein slík gæti verið að komast klakklaust niður Gullkálfinn mikilfenglega.

Fókus á hjarta landsins

Algengasta gönguleiðin upp á Baulu liggur eftir hryggnum á vestanverðu fjallinu upp úr Bjarnadal. MYND/TG

Tindur Baulu er tilkomumikill og útsýnið frábært til allra átta. MYND/SIGRÚN HRÖNN HAUKSDÓTTIR

SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI

HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK

Neutral®

HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

Kurteisi

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Því hefur verið haldið fram, og rannsóknir lagðar fram því til sönnunar, að fólk sem eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum sé yfirleitt vansælla en hinir sem kjósa að lifa lífi sínu án slíkra miðla. Þetta virðist ekki ólíkleg niðurstaða. Hið raunverulega líf er ekki að finna í netheimum. Það er annars staðar. Þessi skoðun, eða staðreynd, stangast reyndar á við fullyrðingar ástríðufullra Facebook-notenda sem halda því jafnvel fram að atburðir í lífi þeirra hafi ekki almennilega gerst fyrr en búið er að segja frá þeim á Facebook með viðeigandi myndbirtingu. Þar er líf einstaklinga til sýnis, venjulega sett í snotran búning. Þó er ekki hægt að segja að á Facebook ríki fegurðin ein. Iðulega fréttist um deilur, rifrildi og æsing milli fólks á þessum mjög svo vinsæla miðli.

Í netheimum og á samfélagsmiðlum eru margar vistarverur, ekki allar jafn fagrar og bjartar. Aldrei hefur verið auðveldara en nú að koma skoðunum sínum á framfæri og einstaklingar nota sér það óspart. Fjölmiðlar, sérstaklega netmiðlar fjölmiðla, sperra eyrun og leita sérstaklega eftir svívirðingum, nöldri og almennum leiðindum til að skella á síður sínar. Þegar einstaklingar eru komnir í hár saman á samfélagsmiðlum, þá eru netmiðlarnir fljótir að búa til fyrirsagnir: X segir Z hafa selt sig auðvaldinu! – A og B í hár saman! – L segir M vera alræmdan vitleysing!

Fréttir eins og þessar fá gríðarmikinn lestur og til þess er leikurinn einmitt gerður. Fréttirnar kalla einnig samstundis á vettvang hópinn „virkir í athugasemdum“. Þar er um að ræða einstaklinga sem eiga það flestir sameiginlegt að bólgna út og dafna í heift og neikvæðni. Þeir gera athugasemdir við fréttir á sinn afdráttarlausa hátt: Z er ræfill og rotta! – A ætti að drepa sig, það væri landhreinsun! – Allir vita að L er lúði, lygari og viðbjóður, sem hefur aldrei kunnað kurteisi.

Skilgreina má kurteisi á ýmsan hátt. Einn þeirra er á þessa leið: „Kurteisi er samskiptaform sem auðveldar tjáskipti milli tveggja eða fleiri einstaklinga.“ Greinilegt er að of margir hafna auðveldum tjáskiptum. Kannski þykja þau of fyrirhafnarmikil. Það getur nefnilega tekið smá tíma að vanda orðalag sitt. Þann tíma má vissulega spara með því að opinbera pirringinn og reiðina sem hefur hreiðrað um sig í sálarlífinu, í stað þess að reyna að hemja sig. Það er hins vegar stór spurning hvort það sé þessi virði. Mun heillavænlegra ætti að vera að halda í sjálfsvirðingu sína.

Skortur á kurteisi blasir við á netinu og honum er venjulega tekið af stöku umburðarlyndi, nánast eins og þar sé um að ræða óhjákvæmilegar aukaverkanir. Subbuskapurinn á netinu smitar síðan út frá sér, þannig að fólk lætur alls kyns hluti flakka, til dæmis í útvarpsþáttum. Netmiðlar grípa stóryrðin og skella á síður sínar, sem kemur sér illa fyrir þann sem í hlut á. Sá getur þó engum um kennt nema sjálfum sér og skorti sínum á kurteisi.

Ókurteisi kemur fólki einfaldlega í vanda.

Fjölmiðlar, sérstaklega netmiðlar fjölmiðla, sperra eyrun og leita sérstaklega eftir svívirðingum.

Halldór

Frá degi til dags

Hatursorðræður

Miðflokksþingmaðurinn Þorsteinn Sæmundsson og Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, sveifluðu stimplum þegar þeir tókust á um orðræðugreiningu á þingi í gær. Hvergi fór milli mála að Þorsteinn telur Helga Hrafn sérstaklega þurfa á orðræðuhreinsun að halda og vísaði til umræðna um útlendingamál kvöldið áður þegar hann hafnaði því alfarið að þingflokkur hans væri merktur „þessum gyðingahatursfælnistimpli“. Þorsteinn seildist síðan sjálfur í „popúlista“-stimpilinn sem hann skellti á Helga Hrafn. Nokkuð djarft hjá þingmanni flokks sem hefur öðrum fremur verið stimplaður í bak og fyrir sem popúlískur.

Stimpilgjaldið

Helgi Hrafn beit síðan höfuðið af skömminni með því að neita að biðjast afsökunar og fyrir vikið tók eftirlaunaþeginn Baldur Hermannsson, sem löngum hefur þótt tannhvassasta skrímslið í þeirri deild Sjálfstæðisflokksins, sig til á Facebook og stimplaði Helga Hrafn. Hann sagði Þorstein þéttan á velli og þéttan í lund þannig að hann „lætur ekki undan síga fyrir skrækjum dusilmenna“. Og bætti svo við að Þorsteinn verðskuldaði „virðingu og þakklæti“ fyrir að „hafa kjark til þess að hörfa ekki fyrir fáryrðaflaumnum“ með því að taka útlendingamálin til umræðu.

toti@frettabladid.is

CBD frelsi

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Í dag brosum við góðlátlega að gamalli forsjárhyggju íslenskra stjórnvalda. Sjónvarpslaus fimmtudagskvöld voru tilskipun ríkisins svo fólk myndi nýta þau til þess að njóta samverunnar á heimilum sínum. Óljósari var tilgangurinn með því að banna veitingastöðum að reiða fram vín með mat á miðvikudögum. Óskiljanlegt var síðan að banna bjór á Íslandi á meðan vín og vodka var selt ómælt í áfengisverslun ríkisins. Í öllum þessum tilvikum vorum við árum og jafnvel áratugum saman á skjön við flestar nágrannaþjóðir okkar.

Óskandi er að frelsi til löglegra kaupa á CBD fæðubótarefni verði fljótlega samþykkt á Alþingi. Dragist það enn á langinn gæti nýtt hjákátlegt mál verið í uppsiglingu. Svona „skammast sín seinna“-mál.

Náttúruleg CBD fæðubótarefni, einkum unnin úr iðnaðarhampi, hafa reynst fólki um allan heim happafengur gegn alls kyns kvillum. Íslendingar, ekki síst eldra fólk, hefur keypt CBD í útlöndum eða orðið sér úti um það eftir krókaleiðum í langan tíma. Það yrði mikið framfaraskref ef hægt verður að nálgast fæðubótarefnin eftir löglegum leiðum, til dæmis í næsta apóteki, heilsubúð eða netverslun. Þar sem fólk getur fengið viðurkenndar vörur sem seldar eru undir eftirliti en ekki í undirheimum.

Evrópudómstóllinn hefur nýlega úrskurðað að CBD sé matvara, ekki vímugjafi. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gerði það sama fyrir tveimur árum og Sameinuðu þjóðirnar taka undir. CBD er náttúruleg vara sem er hvorki vímugefandi né skaðleg fólki. Ákvörðun dómstólsins er einföld: Það er bannað að hindra viðskipti með CBD í ríkjum Evrópusambandsins. Kjósi eitthvert þeirra að streitast á móti þarf viðkomandi að færa sönnur á skaðsemi CBD. Það verður vafalaust þrautin þyngri.

Sem betur fer höfum við loksins leyft ræktun iðnaðarhamps á Íslandi og sölu á CBD húð- og snyrtivörum. Núna þurfum við að stíga skrefið til fulls og leyfa viðskipti með fæðubótarefnin, hvort sem er í formi olíu, hylkja eða matvöru sem inniheldur CBD. Málið er brýnt lýðheilsumál. Setjum frelsi fólks í forgang en ekki úrelta forsjárhyggju.

Setjum frelsi fólks í forgang en ekki úrelta forsjárhyggju.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Að bremsa tíðarandann

Þorsteinn Pálsson

Rás tímans kallar jafnan á breytingar og nýjar leikreglur. En sumir sjá tíðarandann sem ógn við stöðugleika og festu. Þeir stíga því á bremsuna.

Stjórnarsamstarf getur óhjákvæmilega veitt minnihluta völd til að stíga á bremsuna í málum, sem meirihluti er fyrir. Á lokaþingi þessa kjörtímabils er stigið oftar og fastar á þessa bremsu en áður.

Svona virkar bremsan

Varnarsamningurinn er eitt dæmi um þetta. Fyrir sjötíu árum var það í samræmi við tíðarandann að ráðherra vélaði einn um framkvæmdir á grundvelli samningsins og viðbætur við hann. Nútíminn kallar á opna umræðu og samþykki Alþingis.

Þingmenn VG endurflytja nú frumvarp, sem gerir ráð fyrir því að Alþingi þurfi að samþykkja allar bókanir og viðbætur við varnarsamninginn og allar varnarframkvæmdir. Algjörlega óháð afstöðu til varnarsamstarfsins endurspeglar breyting af þessu tagi einfaldlega nýjan tíðaranda, nýjar kröfur til lýðræðisins.

Vegna stjórnarsamstarfsins fá alþingismenn þó ekki að greiða atkvæði um frumvarpið. Þar af leiðandi eru tvær pólitískar hliðar á flutningi þess. Önnur sýnir vilja til breytinga. Hin dregur skýrt fram hvernig bremsan virkar í stjórnarsamstarfinu.

Flest bendir til að meirihluti sé fyrir frumvarpinu, ef bremsan í stjórnarsamstarfinu hindraði ekki atkvæðagreiðslu um það.

Þjóðin fær ekki að ráða

Bremsan gegn tíðarandanum endurspeglast þó einna best í stjórnarskrármálinu.

Fjölþjóðasamvinna er eitt stærsta viðfangsefni allra þjóða í nútímanum. Stjórnarskráin þarf að heimila slíkt samstarf og kveða á um leikreglurnar. Þetta hafa allar grannþjóðir okkar leyst fyrir löngu.

Í byrjun lofaði forsætisráðherra að í fyrsta áfanga heildarendurskoðunar á stjórnarskrá yrði tekið á þessu brýna verkefni.

Ástæðulaust er að efast um vilja formanns VG í þessu efni. Hún flutti sjálf fyrir nokkrum árum tillögu um að þjóðin fengi að taka ákvörðun um aðildarviðræður að Evrópusambandinu óháð hennar eigin afstöðu.

Í umfangsmiklu og vönduðu ferli almenningssamráðs kom skýrt fram í rökræðukönnun að tveir þriðju hlutar þjóðarinnar telja að gera þurfi breytingar á stjórnarskrá til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar, sem alþjóðasamstarf kann að krefjast. Það er tíðarandinn.

Formaður VG varð að svíkja þetta loforð með tilliti til stjórnarsamstarfsins. Fulltrúar þeirra í stjórnarsamstarfinu, sem telja hættulegt að laga leikreglurnar að tíðarandanum, stigu á bremsuna.

Þeir fá því ráðið að stjórnarskráin kemur í veg fyrir að þjóðin geti sjálf tekið slíkar ákvarðanir. Niðurstaða í almenningssamráði víkur fyrir bremsu minnihlutans.

Mismunun þrátt fyrir meirihlutavilja

Almenningssamráðið leiddi einnig í ljós að meira en tveir þriðju hlutar kjósenda telja að jafnt vægi atkvæða væri mikilvægasta markmið breytinga á kjördæmaskipan. Það er tíðarandinn.

Stjórnarsamstarfið veldur því hins vegar að þessu kalli tíðarandans um afnám mismununar má ekki svara.

Úrslit síðustu kosninga eru nýjasta vísbendingin um tíðarandann varðandi nýtingu náttúruauðlinda af því að um það efni mátti ekki spyrja í almenningssamráðinu.

Nærri tveir þriðju hlutar kjósenda greiddu þeim flokkum atkvæði, sem vildu að réttur til nýtingar auðlinda í þjóðareign væri tímabundinn. Það hefur á þessari öld verið almenn regla á öllum sviðum auðlindanýtingar, nema varðandi nýtingu fiskistofna.

Það voru vissulega ekki margir aðrir kostir um stjórnarmyndun síðast. En það er samt komið nóg af þessu varnarstríði gegn tíðarandanum.

Stjórnarsamstarfið hefur aftur á móti leitt til þess að þetta kall samtímans hefur ekki náð inn í þá einu almennu löggjöf, sem enn fullnægir ekki meginreglunni um tímabundin afnot.

Og nú skrifast það einnig á reikning stjórnarsamstarfsins að ekki er unnt að koma í veg fyrir mismunun á þessu sviði með skýru og virku orðalagi í nýju auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Það hvín í bremsu minnihlutans, en hún virkar.

Komið nóg

Hér verður ekki gert lítið úr mikilvægi stöðugleika og festu í þjóðfélaginu. En það er misnotkun á þessum hugtökum þegar þau eru notuð til þess að grafa skotgrafir kyrrstöðu, sem kemur í veg fyrir að samfélagið þróist eðlilega í takt við framrás tímans.

Það voru vissulega ekki margir aðrir kostir um stjórnarmyndun síðast. En það er samt komið nóg af þessu varnarstríði gegn tíðarandanum.

Vanhæfi í Hæstarétti

Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor

Þórður Már Jónsson
lögmaður

Lýður Árnason
læknir og kvikmyndagerðarmaður

Hæstiréttur hefur undangengin 20 ár fellt nokkra dóma varðandi fiskveiðistjórnarkerfið. Fyrsti dómurinn tók mið af stjórnarskrá og fyrirliggjandi lagaákvæðum, en dómarnir sem á eftir fóru vitna um undanhald Hæstaréttar undan pólitískum þrýstingi. Draga má í efa hæfi flestra dómaranna sem felldu síðari dómana um fiskveiðistjórnina svo sem nú verður lýst.

Valdimarsdómurinn

Dómur Hæstaréttar í Valdimarsmálinu 1998 markaði tímamót. Valdimar Jóhannesson blaðamaður hafði kært þá ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins að synja honum um leyfi til veiða og flutti mál sitt sjálfur í Hæstarétti þótt ólöglærður sé og hafði fullan sigur gegn ríkinu. Ræða Valdimars er merk réttarsöguleg heimild. Dómararnir fimm, reyndustu dómarar réttarins þá (Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein), voru á einu máli um að fiskveiðistjórnarlögin frá 1990 brytu gegn jafnræðisreglu og atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Útvegsmenn og erindrekar þeirrar á Alþingi brugðust ókvæða við. Forsætisráðherra varaði við landauðn fengi dómurinn að standa.

Vatneyrardómurinn

Alþingi brást við með því að breyta fiskveiðistjórnarlögunum til málamynda án þess að hnika efnislega þeirri mismunun og frelsisskerðingu sem Hæstiréttur hafði úthýst í Valdimarsdóminum. Nú voru tveir sjómenn sem höfðu róið til fiskjar í góðri trú eftir Valdimarsdóminn ákærðir og fundnir sekir í Hæstarétti 2000. Bátur annars þeirra hét Vatneyrin. Dóminn felldu Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein, en Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson skiluðu séráliti í samræmi við Valdimarsdóminn frá 1998, og það gerði einnig Hjörtur Torfason.

Tveir dómaranna sem höfðu fellt Valdimarsdóminn (Garðar og Pétur) höfðu snúið við blaðinu og sáu nú hálfu öðru ári síðar ekkert athugavert við fiskveiðistjórnina þótt óbreytt væri í aðalatriðum. Tveir aðrir dómarar (Guðrún og Haraldur) héldu fast við fyrri skoðun. Einn fór bil beggja (Hjörtur). Enginn þessara dómara virðist hafa séð neitt athugavert við hæfi sitt til að fjalla aftur um mál sem þeir höfðu nýfjallað um. Tónninn hafði verið sleginn.

Um líkt leyti höfðaði ákæruvaldið mál gegn tveim öðrum sjómönnum, Erlingi Sveini Haraldssyni og Erni Snævari Sveinssyni, fyrir að hafa róið til fiskjar. Hæstiréttur fann einnig þá seka.

> **Fyrsti dómurinn tók mið af stjórnarskrá og fyrirliggjandi lagaákvæðum, en dómarnir sem á eftir fóru vitna um undanhald Hæstaréttar undan pólitískum þrýstingi.**

Dómurinn gegn mannréttindanefndinni

Fórnarlömb Hæstaréttar undu ekki þessari heimabökuðu lögleysu. Þeir Erlingur og Örn lögðu málið fyrir mannréttindanefnd SÞ sem úrskurðaði þeim í vil með bindandi áliti 2007. Nefndin beindi þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að þau næmu brott mannréttindabrotaþáttinn, það er mismununina, úr fiskveiðistjórninni og greiddu sjómönnunum tveim skaðabætur. Stjórnvöld gerðu hvorugt.

Tíminn leið og ekkert bólaði á þeim skaðabótum sem mannréttindanefndin hafði mælt fyrir um handa Erlingi og Erni. Þá höfðaði Örn mál gegn ríkinu og krafðist bótanna auk miskabóta. Hæstiréttur vísaði málinu frá 2011 og bar við vanreifun. Hæstiréttur leyfði formkröfum varðandi skýran málatilbúnað að trompa lagalega réttlætishlið málsins sem mannréttindanefnd SÞ með 18 af helstu mannréttindasérfræðingum heimsins innanborðs hafði búið upp í hendur sjómannsins. Dóminn felldu Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Jón Steinar Gunnlaugsson, tveir síðarnefndu úr Eimreiðarhópnum og allir skipaðir í Hæstarétt af dómsmálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Garðar hafði áður snúið við blaðinu í Vatneyrardóminum og Gunnlaugur hafði verið ríkislögmaður og þurft sem slíkur að verja málstað ríkisins fyrir rétti.

Þegar mannréttindanefndin gekk eftir viðbrögðum ríkisins við fyrirmælum nefndarinnar um bót og betrun lofaði sjávarútvegsráðherra nýrri stjórnarskrá með auðlindaákvæði sem myndi leysa vandann. Þetta loforð hefur ríkið ekki enn efnt. Þjóðkjörið stjórnlagaráð stóð þó í stykkinu með því að leggja til auðlindaákvæði sem svarar kalli mannréttindanefndarinnar og sem 83% kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýja stjórnarskrá 2012.

Ógilding stjórnlagaþingskosningarinnar

Ætla mætti í ljósi þess sem á undan var gengið að Hæstiréttur reyndi að stíga varlega til jarðar þegar kærur þriggja sjálfstæðismanna vegna stjórnlagaþingskosningarinnar 2010 komu til kasta réttarins. Enda höfðu nær allir þeir sem náðu kjöri lýst þeirri skoðun að ákvæði um auðlindir í þjóðareigu ætti heima í nýrri stjórnarskrá.

Og þá gerist það að sex hæstaréttardómarar, allir nema einn með skipunarbréf frá dómsmálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins, úrskurða kosninguna ógilda á sannanlega röngum forsendum. Er það í eina skiptið sem þjóðkjör hefur verið lýst ógilt í vestrænu lýðræðisríki. Hæstiréttur gekkst við villu sinni 2012 þegar hann vísaði hliðstæðri kæru frá með þeim rökum að ekki beri að ógilda kosningar nema ágallar hafi haft efnisleg áhrif á úrslitin.

Dómararnir sex voru Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Jón Steinar Gunnlaugsson, Páll Hreinsson og Viðar Már Matthíasson og hafa þrír þeirra þegar komið við sögu þessa máls. Um hina er þetta að segja: Árni Kolbeinsson hafði áður verið ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og sem slíkur eins konar framkvæmdastjóri kvótakerfisins. Viðar Már Matthíasson er bróðir eins stórtækasta kvótaþega landsins og aðaleiganda Morgunblaðsins. Páll Hreinsson er hinn eini í dómarahópnum sem ekki gat talist vanhæfur í skilningi laga til að fjalla um ógildingarkærurnar.

Makrídómurinn

Nokkru síðar bar svo við að útvegsfyrirtæki í eigu systur eins hæstaréttardómarans stefndi ríkinu og krafðist skaðabóta vegna þess að skipum félagsins hefði verið úthlutað minni kvóta en skylt væri. Héraðsdómur hafnaði kröfunni en Hæstiréttur sneri dóminum við 2018 og dæmdi ríkið skaðabótaskylt. Dóminn felldu Árni Kolbeinsson, Greta Baldursdóttir, Helgi I. Jónsson, Karl Axelsson og Þorgeir Örlygsson. Árni Kolbeinsson er auk þess sem áður sagði faðir fv. framkvæmdastjóra LÍÚ og Karl Axelsson er fv. lögmaður LÍÚ.

Vanhæfi og siðferði

Sögunni sem við höfum rakið hér að framan og einskorðast við einn málaflokk er ætlað að leiða lesandanum fyrir sjónir að við það er ekki lengur búandi að hæstaréttardómarar úrskurði sjálfir um hæfi sitt til að kveða upp dóma. Dómarar hafa með háttalagi sínu kallað vansæmd yfir Hæstarétt og Ísland. Skýrslur Gallups sýna að tveir af hverjum þrem Íslendingum vantreysta dómskerfinu.

Nýja stjórnarskráin, sem 67% kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 og Alþingi á enn eftir að staðfesta, tekur á þessum grafalvarlega vanda með því að herða þær kröfur sem gera verður til dómara. Önnur ákvæði nýju stjórnarskrárinnar, sem er ætlað að skera upp herör gegn spillingu með skýrari valdmörkum og öflugra mótvægi, ættu einnig með tímanum að geta stuðlað að skárra siðferði í Hæstarétti og minna ranglæti.

Útþynntur almannaréttur

Stefán Þórsson
landfræðingur

Undanfarið hefur hvarflað að mér hvort einhver hrossakaup milli stjórnarflokkanna séu nú komin á gjalddaga. VG fær miðhálendisþjóðgarð og sjálfstæðismenn fá að selja hlut í banka, líka með hraði. Það kæmi a.m.k. ekki á óvart. Maður veltir líka fyrir sér tilganginum með þessum þjóðgarði, þar sem nú þegar gilda lög og reglur um framkvæmdir og umgengni fólks á hálendinu, sem og annars staðar. Þar að auki eru vernduð og friðlýst svæði á hálendinu fjölmörg og vel skilgreind, undir stjórn Umhverfisstofnunar, og um þau gilda skýrar reglur. Ekkert ófremdarástand er á hálendinu þó ýmis hagsmunasamtök haldi því fram, og reyni að gera þá tortryggilega sem ekki skrifa upp á þetta frumvarp. Það má kannski benda þeim á það að mun fleiri eru andvígir miðhálendisþjóðgarði en fylgjandi, skv. skoðanakönnun Gallup í janúar.

Við höfum lög um náttúruvernd, sem kveður á um bann við hvers konar náttúruspjöllum, ásamt algjöru banni við utanvegaakstri. Þar er einnig að finna heimild Umhverfisstofnunar til að takmarka eða banna alla umferð um svæði þar sem veruleg hætta er á skemmdum vegna ágangs ferðamanna. Miðhálendisþjóðgarður (MHÞ) hefur í raun engu við þetta að bæta. Kannski snýst þetta allt saman um völd, undir yfirskini náttúruverndar. Umhverfisráðherra hefur a.m.k. ekki dottið í hug að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Kannski óttast hann niðurstöðuna. Nei, þjóðin skal ekki spurð hvort hún kæri sig um stofnanavæðingu óbyggðanna. Í frumvarpinu er ekkert nýtt að finna varðandi náttúruvernd, sem ekki er nú þegar í náttúruverndarlögum, en því meira um heimildir til þess að takmarka umferð og tjöldun, með reglugerðum. Þær koma eftir að lögin hafa verið samþykkt. Ásamt einhvers konar lögregluvaldi sem veita á landvörðum, til þess að hafa eftirlit með fólki og vísa því úr þjóðgarðinum ef það hlýðir ekki fyrirmælum. Mögulega er hin mikla andstaða gegn þessu frumvarpi skiljanleg í ljósi þess. Það verður a.m.k. lítið eftir af sjarmanum sem gerir fjallaferðir eftirminnilegar og ánægjulegar.

Í frumvarpinu má einnig finna ríkar heimildir til gjaldtöku, sem væntanlega eiga að dekka hluta rekstrarkostnaðar, sem hlýtur að verða gríðarlegur. Til dæmis hefur ávallt verið tap á rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs, þrátt fyrir massatúrisma undanfarinna ára. Jafnvel með metfjölda ferðamanna og víðtækri gjaldtöku, var uppsafnað tap VJÞ 2014–2018 rúmlega 218 milljónir.

> **Það er alveg eðlilegt að einhver skerðing á almannarétti sé til staðar í þjóðgarði. En er eðlilegt að hátt í 40% Íslands verði þjóðgarður?**

Ofríki Vatnajökulsþjóðgarðs

Þar sem þessi nýi risaþjóðgarður verður bein framlenging af Vatnajökulsþjóðgarði (VJÞ), er enn frekari ástæða til að staldra við. Ég efast um að útivistarfólk hafi gert sér grein fyrir því ofríki sem átti eftir að fylgja stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2008. Loforð um samráð við útivistarfélög voru að engu höfð, þegar á reyndi. Hestamenn, reiðhjólafólk, jeppamenn o.fl. voru allt í einu orðnir annars flokks ferðamenn innan þjóðgarðsins og þeim settar þröngar skorður í sínum fjallaferðum. Því ekki mátti trufla öræfaupplifun göngufólks.

Almannaréttur aftengdur

Almannaréttur er tryggður í náttúruverndarlögum og veitir hann m.a. öllum rétt til að tjalda til einnar nætur á óræktuðu landi. Nema þar sem sérlög gilda. Þar er átt við friðlönd, náttúruvætti og þjóðgarða. Í þjóðgarði getur ráðherra og stjórn þjóðgarðsins í raun skert almannaréttinn að vild, með nýjum reglugerðum og stjórnunaráætlunum. Almannarétturinn er þannig séð óvirkur í þjóðgörðum, þ.e. hann er eingöngu eins virkur og þjóðgarðurinn heimilar. Það er alveg eðlilegt að einhver skerðing á almannarétti sé til staðar í þjóðgarði. En er eðlilegt að hátt í 40% Íslands verði þjóðgarður?

Til samanburðar, þá þekja þjóðgarðar í Svíþjóð einungis 1,5% af landinu. Með miðhálendisþjóðgarði gæti þar með ferðafrelsi á öllu hálendinu orðið háð einhverri stjórnunaráætlun eða nýrri reglugerð. Slíkt býður líka upp á grófa mismunun eftir ferðamáta. Ég held að stofnanavætt hálendi sé ekki heillandi tilhugsun hjá flestum Íslendingum. Með tilheyrandi her landvarða sem hafa eftirlit með gestum, og víðtækri gjaldtöku í ofanálag. Björgunarsveitir hafa hins vegar sinnt eftirliti og gæslu á hálendinu undanfarin ár, ásamt því að upplýsa og fræða erlenda ferðamenn um umgengnisreglur á hálendinu. Hálendisvaktin svokallaða. Þetta hefur reynst vel og verið í sátt og samlyndi við þjóðina.

Raunveruleg vernd miðhálendisins er fólgin í því að halda því eins og það er. Með vegum og slóðum sem falla að landinu. Þannig er líka hægt að forða því frá massatúrisma. Við getum hafnað hugmyndum um stórvirkjanir á hálendinu án þess að stofna risaþjóðgarð. Höldum frelsinu á hálendinu lifandi. Náttúruverndin er nú þegar til staðar.

Neyðarkall til Landsnets – um öryggisnet!

Örn Þorvaldsson
rafiðnaðarmaður

Kvikuinnskot á Reykjanesi við Þorbjörn var 3 x Þingvallavatn að stærð. Við vorum heppin að ekki gaus en það fer að styttast í gos á landinu, hvort það verður á Reykjanesi eða annars staðar vitum við ekki. Samkvæmt fréttum á liðnu ári má búast við gosi á Reykjanesi á næstu árum eða áratugum.

Undirritaður hvetur Landsnet til að byggja ÖRYGGISNET til að tryggja höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi öruggan raforkuflutning með 132kV jarðstrengjum frá virkjunum til notenda, einkum í neyðartilfellum ef um eldgos væri að ræða nærri höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi. Öryggisnet „UJÖ“ (umhverfi – jarðstrengir - öryggi) sem væri jafnframt flutningsnet. Undirritaður leggur til að það verði byggt á næstu tveimur árum.

Rök sem styðja ÖRYGGISNET með 132kV jarðstrengjum

1. Árið 1990-91 þegar Hekla gaus var talsvert öskugos svo Búrfellsvirkjun varð órekstrarhæf um tíma, þegar aska féll á tengivirki stöðvarinnar og á línur til hennar. Til að koma í veg fyrir að þetta endurtæki sig var byggt nýtt innitengivirki við Búrfell.
2. Á Reykjanesi eru tengivirkin innitengivirki (sem þó þarf að rykþétta) en veiku hlekkirnir eru línurnar ásamt endatengivirkinu við Svartsengi. Eldgos gæti orðið í Bláfjöllum eða á Reykjanesi og aska fallið á einangrara línanna (auk annarrar fokákomu) ásamt hraunrennsli á línustaura, sem leiðir þá til rafmagnsleysis. Raforkukerfi með bæði línum og jarðstrengjum er mun öruggara og kemur mun frekar í veg fyrir rafmagnsleysi, heldur en þar sem eru tvær línur samhliða!
3. Landsnet kallaði í síðustu „Kerfisáætlun 2020-2029“ eftir öruggri fæðingu inn til Hamraness með nýrri Suðurnesjalínu 2 (220kV) frá Reykjanesvirkjunum, auk sérstakrar eflingar á 132kV kerfinu í Hamranesi, sem þaðan er flutt til Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Reykjavíkur. Einnig kallaði Landsnet eftir öflugri 132 kV fæðingu inn til höfuðborgarinnar bæði frá Geithálsi og frá Hnoðraholti, með stækkun spenna 220/132kV (eða fjölgun þeirra) bæði á Geithálsi og í Hamranesi – væntanlega vegna þéttingar byggðar á höfuðborgarsvæðinu með aukinni rafmagnsnotkun.
4. Alls staðar á landinu henta jarðstrengir með 132kV spennuhæð til öruggs raforkuflutnings fullkomlega fyrir íbúðabyggð ásamt iðnaði, í höfuðborginni, á Akureyri (með 60MW til Bekromal), til Bakka (með 60 MW) og Húsavíkur og einnig á Reykjanesi.
5. 220kV spennuhæð er aftur á móti alls staðar á landinu notuð fyrir álver: á Reyðarfirði, í Hvalfirði og í Straumsvík. Nýtt álver er ekki á leiðinni í Helguvík svo ný Suðurnesjalína 2 með 220kV spennuhæð er óþörf þangað til að álver kemur þar, en þá þurfa að liggja þangað tvær 220kV línur til Helguvíkur sérstaklega fyrir álverið (með tveimur 220kV jarðstrengjum frá Fitjum til Helguvíkur).
6. Heildarraforkuframleiðsla á Reykjanesi er um 155MW og með stækkun Reykjanesvirkjunar fer hún í 185MW. Raforkunotkun í Reykjanesbæ og á Suðurnesjum er í dag um 100MW, af því leiðir að raforkuframleiðslan á Reykjanesi mun endast Reykjanesbæ og Suðurnesjum í um 50-70 ár miðað við 1-1,5 % aukningu raforkunotkunar. Suðurnesjalína 1 132kV getur flutt um 200MW og hún er lítið lestuð með um 50MW flutning til Hamraness og hann stefnir í 0 MW, með aukinni raforkunotkun í Reykjanesbæ. Af því leiðir að aðeins vantar nýja Suðurnesjalínu 2 sem varalínu til þess að flytja þessi 50MW sem fara minnkandi til Hamraness. Ný Suðurnesjalína 2 sem væri 132kV jarðstrengur með 180MW flutningsgetu væri fullnægjandi næstu 50-70 árin!
7. 100MW gagna- eða kísilver í Reykjanesbæ eða í Helguvík, rúmast á Öryggisnetinu, á 132kV Suðurnesjalínum 1 og 2 næstu 50-70 árin!

Greinina má finna í fullri lengd á frettabladid.is/skodun

Afskipti af framtíðinni

Bryndís Haraldsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

En hvort sem bitcoin og rafmyntir reynast vera bóla eða ekki, er með öllu óþarft að stjórnvöld fari á taugum og reyni að koma böndum á viðskipti með rafmyntir eða banna þær.

Það verða alltaf til stjórnmálamenn með sterkar skoðanir á því hvernig aðrir hátta sínu lífi. Birtingarmynd afskiptaseminnar er alls konar, hvernig fólk hagar frítíma sínum eða eyðir peningum sínum. Slíkir stjórnmálamenn kenna sig yfirleitt við jöfnuð. Ein birtingarmynd afskiptaseminnar hér á landi og víðar er vegna rafmynta. Athyglin er augljóslega komin til vegna þess mikla vaxtar sem hefur orðið á rafmyntum á liðnum árum, en heildarverðmæti allra bitcoina í heiminum var í gær um 950 milljarðar Bandaríkjadala, og heildarverðmæti allra rafmynta í heiminum ríflega 1.500 milljarðar dala.

Heildarverðmæti rafmynta hefur þannig tífaldast á tæplega einu ári og því er eðlilegt að fólk spyrji sig hvort hér sé ekki mikil bólumyndun á ferð. En hvort sem bitcoin og rafmyntir reynast vera bóla eða ekki, er með öllu óþarft að stjórnvöld fari á taugum og reyni að koma böndum á viðskipti með rafmyntir eða banna þær. Auðvitað eigum við að fylgjast grannt með þróun mála, en ekki ganga fram af hræðslu, boðum og bönnum.

Vatn er runnið til sjávar frá árdögum bitcoin þegar rafmyntir mátti tengja við ólögleg viðskipti, fjármögnun hryðjuverka og glæpa og skattsvik. Tesla varð nýlega fimmta fyrirtækið á Fortune 500 listanum til þess að fjárfesta í bitcoin og má telja líklegt að fleiri stórfyrirtæki feti í sömu spor á næstu misserum. Bálkakeðjur munu gjörbylta viðskiptum og fjármálageiranum þar sem hægt verður að millifæra peninga hratt, ódýrt og örugglega.

Við þurfum að skýra ákveðin skattaréttarleg álitamál í tengslum við rafmyntir. Eins þarf að skoða samkeppnisstöðu íslenskra lögaðila við námuvinnslu rafmynta svo þeir sitji við sama borð og erlendir aðilar skattalega séð. En umfram allt er mikilvægt að löggjafinn þvælist ekki fyrir þeirri þróun sem er að verða með bálkakeðjum og rafmyntum. Breytingar eru lögmál lífsins. Þeir stjórnmálaflokkar sem horfa til fortíðar missa af framtíðinni.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR
SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR LAND ROVER

LAND ROVER Discovery Sport HSE R-dynamic
Nýskr. 11/2019, ekinn 15 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 9.490.000 kr.
Rnr. 147678.

JAGUAR F-PACE 180D
Nýskr. 9/2018, ekinn 21 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 8.190.000 kr.
Rnr. 420565.

JAGUAR E-PACE S 150D
Nýskr. 1/2020, ekinn 9 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.590.000 kr.
Rnr. 420587.

JAGUAR F-PACE 180D R-sport
Nýskr. 6/2017, ekinn 47 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.390.000 kr.
Rnr. 147777.

LAND ROVER Discovery 5 SE
Nýskr. 8/2018, ekinn 78 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.290.000 kr.
Rnr. 147668.

JAGUAR I-PACE HSE EV400
Nýskr. 1/2020, ekinn 8 þús. km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 12.990.000 kr.
Rnr. 420588.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NMO04533

Njarðvíkingurinn Elvar Már er á sínum stað í hóp íslenska liðsins.

Sigur fleytir Íslandi áfram

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta mætir í dag Slóvakíu í Pristina í Kosovó í forkeppni fyrir heimsmeistaramótið sem fram fer árið 2023. Sigur í leiknum í dag tryggir íslenska liðinu sæti í næsta stigi undankeppninnar fyrir heimsmeistaramótið. Liðin mættust í forkeppninni í Laugardalshöllinni fyrir tæpu ári síðan og þá fór íslenska liðið með sigur af hólmi.

Ísland leikur tvo leiki í þessum glugga en um er að ræða lokaleiki riðlakeppninnar í forkeppninni en liðið leikur við Lúxemborg á laugardaginn kemur. Tvö efstu lið riðilsins fara áfram og leika í ágúst í næsta stigi undankeppninnar. Fyrir lokaleikina tvo er Ísland í efsta sæti síns riðils með sjö stig og þarf einn sigur til að gulltryggja sæti sitt áfram.

Einn nýliði er í 13 manna leikmannahópnum sem Craig Pedersen valdi fyrir leikina tvo sem fram undan eru, en það er Styrmir Snær Þrastarson sem leikið hefur einkar vel með Þór Þorlákshöfn í vetur. **– hó**

Kvennaboltinn í sókn á Ítalíu

FÓTBOLTI Ítalska knattspyrnusambandið tilkynnti í gær áform um að kvennadeildin þar í landi yrði að atvinnumannadeild. Með því varð knattspyrna fyrsta íþróttagreinin þar í landi til að setja á laggirnar atvinnumannadeild en til þessa hefur deildin ekki verið viðurkennd sem slík.

Undanfarin tvö ár hefur áhuginn á kvennadeildinni stóraukist og hefur útsendingum í sjónvarpi fjölgað um 81 prósent á stuttum tíma. Fyrir vikið var ákveðið að taka þetta skref sem hluta af fimm ára markmiði við að bæta kvennaknattspyrnu í landinu og tekur breytingin gildi haustið 2022. **– kpt**

Vilja byggja nýja miðstöð jaðaríþrótta við Elliðaárnar

Forsvarsmenn Klifurfélags Reykjavíkur eru með það á teikniborðinu að færa starfsemi sína í gömlu spennistöðina í Elliðaárdalnum. Þar vilja þeir byggja upp miðstöð fyrir þá sem stunda jaðaríþróttir á höfuðborgarsvæðinu. Samningur um núverandi húsnæði er að renna út og er vöntun á langtímalausn.

KLIFUR Klifurfélag Reykjavíkur stendur á ákveðnum krossgötum hvað aðstöðumál varðar en félagið er með aðsetur í Ármúla eins og sakir standa. Núverandi húsnæði er sprungið að mati forsvarsmanna Klifurfélagsins og þá þrengir að félaginu með þeirri þjónustu sem starfrækt er í húsnæðinu í kring.

Klifurfélagið hefur áform um að byggja upp aðstöðu fyrir klifur, sem og eins konar miðstöð jaðaríþrótta, í gömlu spennistöðinni sem staðsett er í Elliðaárdalnum en engin starfsemi er í því húsi eins og sakir standa. Þar gætu íþróttir á borð við klifur, hjólabretti, bogfimi, taekwondo og aðrar bardagaíþróttir fengið athvarf í einu og sama húsinu.

„Við erum eins og staðan er núna með starfsemi okkar í húsnæði í Ármúla sem er 860 fermetrar. Það húsnæði er sprungið þar sem við getum ekki tekið við fleiri iðkendum sem hafa áhuga á að stunda klifur.

Þá rennur leigusamningurinn okkar við leigusalann út vorið 2023 og það er óþægileg staða fyrir íþróttafélag að vera í óvissu um það hvort það geti stundað starfsemi sína á svæðinu sínu næstu árin. Síðast þegar við fluttum okkur um set þurftum við að loka í sex mánuði til þess að geta sett upp klifurveggina sem var auðvitað mjög bagalegt," segir Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurfélagsins í samtali við Fréttablaðið um stöðu mála hjá félaginu.

„Það eru rúmlega 1.000 iðkendur sem stunda klifur hjá okkur og það er mikil gróska í klifrinu hér heima, bæði í barna- og unglingastarfi og afreksstarfinu. Þá eru margir sem vilja stunda klifur sem líkamsrækt. Við erum með iðkendur sem hafa staðið sig vel á Norðurlandamótum undanfarin ár og stefnan er að komast að með keppendur á alþjóðlegum mótum þegar farið verður að keppa aftur reglulega.

Alþjóðlegt mótahald hefur að mestu leyti legið niðri vegna kórónaveirufaraldursins síðustu misserin en þegar faraldurinn skall á vorum við með iðkendur sem voru með það á stefnuskránni að komast lengra í klifuríþróttinni á alþjóðlegum mælikvarða," segir framkvæmdastjórinn.

„Okkar hugmynd hvað aðstöðumálin varðar, sem við höfum verið að vinna að í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg, er að færa starfsemina í spennistöðina í Elliðaárdalnum. Þar er 1.560 fermetra húsnæði í eigu borgarinnar sem ekki er verið að nýta.

Auðvitað þyrfti að fara í miklar framkvæmdir til að gera húsnæðið klárt til þess að stunda íþróttir þar en við teljum það bestu leiðina til framtíðar. Vonandi gengur það upp og við erum vongóð um að borgin sé klár í þetta verkefni," segir Benjamin enn fremur.

„Við sjáum fyrir okkur að byggja upp eins konar miðstöð fyrir jaðaríþróttir. Það eru mörg íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu sem glíma við aðstöðuvanda og eru með aðstöðu í minna húsnæði hér og þar um borgina.

Það er oftar en ekki húsnæði sem hentar ekki þeirri íþrótt sem um ræðir og er fáanlegt til leigu til skamms tíma í senn. Með því að byggja aðsetur þarna miðsvæðis í Elliðaárdalnum eru mörg vandamál leyst á sama tíma og margar íþróttagreinar geta stundað íþrótt sína með mun betri hætti en þær gera núna," segir hann um áform Klifurfélagsins. **hjorvaro@frettabladid.is**

Benjamin segist sjá fyrir sér miðstöð fyrir jaðaríþróttir í Spennustöðinni í Elliðaárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við erum með iðkendur sem hafa staðið sig vel á Norðurlandamótum undanfarin ár og stefnan er að komast að með keppendur á alþjóðlegum mótum þegar farið verður að keppa aftur reglulega.**
>
> Benjamin Mokry, framkvæmdarstjóri Klifurfélagsins

Ólympíufarar úr Hafnarfirði geta fengið 750 þúsund króna styrk

ÍÞRÓTTIR Á dögunum samþykkti stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, ÍBH, breytingar á reglugerð afrekssjóðs ÍBH og jók styrktarupphæðirnar sem íþróttafélög og íþróttafólk bæjarins geta sótt um. Meðal þess sem samþykkt var á fundinum var að veita öllum þeim sem keppa fyrir hönd félaganna sem eru aðilar að ÍBH og komast á Ólympíuleikana eða Ólympíuleika fatlaðra 750 þúsund króna styrk þegar miðinn til Tókýó er í höfn. Anton Sveinn McKee sem syndir fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar er eini Íslendingurinn sem hefur tryggt sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Tókýó í sumar.

Alls eru fimm einstakingar úr Hafnarfirði á Ólympíulista ÍSÍ yfir þá sem eru að gera atlögu að sæti á Ólympíuleikunum. Ásamt Antoni Sveini eru kylfingurinn Guðrún Brá Björgvinsdóttir, fimleikakonan Guðrún Edda Harðardóttir Min, sleggjukastarinn Hilmar Örn Jónsson og sundkonan Jóhanna Elín Guðmundsdóttir á listanum.

> **Fimm Hafnfirðingar eru á Ólympíulista ÍSÍ fyrir Ólympíuleikana í Tókýó.**

Það er sama upphæð og Hrafnhildur Lúthersdóttir, fyrrum sundkona úr SH fékk, í aðdraganda Ólympíuleikanna í Ríó árið 2016, en þá var Hrafnhildur nýbúin að vinna til verðlauna á EM í 50 metra laug.

Samkvæmt breytingunum var fjölgað í hámarki umsókna um ferðastyrki með félags- og landsliðum úr fjórum umsóknum í sex og hækkaðar greiðslur sem einstaklingar, fararstjórar og félagslið geta sótt um frá bæjarfélaginu til að standa straum af kostnaðinum sem fylgir keppnisferðum.

Þannig geta félög sem taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða fengið allt að 1,5 milljónum í styrk vegna verkefna erlendis líkt og knattspyrnulið FH í karlaflokki fer líklegast í síðar á þessu ári þegar undankeppni Evrópudeildarinnar hefst næsta haust

Styrkurinn er heldur lægri þegar kemur að einstaklings íþróttafólki sem getur fengið 75.000 króna styrk vegna EM og HM í fullorðinsflokki en hámark var sett á þrjár umsóknir á ári. Það sama á við um afreksstyrki fyrir EM, HM og ÓL ungmenna. **– kpt**

Anton er eini Íslendingurinn sem er kominn inn á ÓL. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓLK

FIMMTUDAGUR 18. FEBRÚAR 2021

Tíska

Tískuvikan í Kaupmannahöfn fór fram með óhefðbundnum hætti fyrr í þessum mánuði. Haust- og vetrartískan 2021-2022 var þar sýnd í gegnum streymi á vefnum. Samkvæmt myndum verður tískan glæsileg. ↬4

Hjónin og prófessorarnir Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson með starfsfólki í höfuðstöðvum TARAMAR í Sandgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Endurræsa húðfrumur og öðlast yngri húð

Þegar dr. Guðrún Marteinsdóttir sá fyrstu hrukkurnar birtast á andliti sínu ákvað hún að leita að hreinum æskubrunni í íslenskum sjó. Afraksturinn er TARAMAR-húðlínan, sem sýnir yngri og þéttari húð á undraverðum tíma. ↬2

Framhald af forsíðu

Í upphafi þessa verkefnis settum við okkur háleit markmið sem í fyrsta lagi skyldu tryggja að vörurnar væru afburða hreinar, og í öðru lagi svo virkar að árangurinn væri sjáanlegur með berum augum. Þannig vildum við vinna gegn öllum þeim stóru orðum sem snyrtivöruiðnaðurinn hefur sent frá sér í gegnum tíðina og leggja það í hendur neytenda að meta árangurinn án þess að þurfa að trúa blint á það sem sagt er," segir dr. Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskavistfræði við Háskóla Íslands og frumkvöðull að baki íslensku Taramar-húðvörunum.

Guðrún stóð á fimmtugu þegar hún fór að sjá breytingar á andliti sínu.

„Sem líffræðingur, og oft vinnandi á sjó, var ég nú engin tískuskvísa og lítið að pæla í útlitinu en þarna voru farnar að birtast hrukkur sem ég var ekkert hrifin af. Ég þoldi engar húðvörur á markaðnum og var því farin að lesa innihaldslýsingar aftan á umbúðum þeirra, mér til mikillar armæðu. Með minn bakgrunn í raunvísindum uppgötvaði ég að í húðvörur eru notuð virkilega ógeðsleg innihaldsefni, þar á meðal eiturefni sem ég nota til að fixera fiska og set á mig grímu, gleraugu og hanska til að meðhöndla. Slík efni, sem og mörg mjög ódýr efni, reyndust algeng í kremum sem fólk átti að bera á húð sína og á tímabili var ég full reiði út í snyrtivöruiðnaðinn og upptekin af því hversu aftengdur hann var orðinn neytendum á þeirri einu forsendu að græða á þeim."

Tímamótauppfinning

Guðrún hefur um margra ára skeið unnið með lífverur úr hafinu og haft löngun til að rannsaka sérstaka eiginleika þeirra. Rannsókn hennar á innihaldsefnum húðvara varð kveikjan að margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu við Háskóla Íslands á nýrri tegund húðvara, sem eru hinar hreinu og lífvirku Taramar-húðvörur sem draga úr sjáanlegum áhrifum öldrunar.

„Ég var vön að setja þang í baðið hjá mér sem hafði góð áhrif á húðina. Ég hugsaði með mér hvernig hægt væri að setja þang í húðvöru án þess að breyta því eða blanda því saman við öll þessi skaðlegu og ógeðslegu innihaldsefni sem einkenndu flestar húðvörur sem ég hafði aðgang að. Það var mikil áskorun, því búa þurfti til aðferð við framleiðslu húðvara sem væri töluvert frábrugðin því sem tíðkaðist á markaðnum. Þetta var árið 2005, en það var ekki fyrr en fimm árum seinna að ég áttaði mig á að ég hafði í raun uppgötvað og hannað nýja aðferð við gerð húðvara, sem var ekki þekkt né notuð af öðrum húðvöruframleiðendum. Ég var þá stödd á sýningu á Ítalíu í leit að ákveðinni vél til verksins. Þegar ég spurði söluaðila: „Getur vélin þetta og hitt?" þá litu þeir á mig í forundran: „Af hverju viltu það?!" Þá skildi ég endanlega að ég var að nota tækni sem var ekki þekkt," segir Guðrún, sem í samstarfi við eiginmann sinn, dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor í matvæla-og efnafræði, uppgötvaði nýja aðferð til að framleiða húðvörur.

„Við veltum lengi fyrir okkur hvernig við gætum búið til húðvörur sem væru eins og hrein matvæli og hægt væri að bera á húð og þess vegna borða. Erfiðasta áskorunin var rotvarnarefnin, enda vandasamt að stöðva vöxt sveppa og baktería í kremum sem innihalda vatn. Við vildum alls ekki að óæskileg rotvarnarefni færu inn í líkamann og á endanum fundum við leið til að rotverja vörur án þess að nota þessi skaðlegu efni og erum nú að fá einkaleyfi fyrir uppfinningunni, sem skilur okkur frá öllum öðrum. Aðferðin er afar einföld en þó hafði enginn hugsað út í hana fyrr," upplýsir Guðrún.

Öll húðvörulína Taramar er búin til með þessari nýju aðferð.

„Það þýðir að við horfum á barnabörnin okkar borða kremin en það gerir okkur ekkert óróleg því við vitum að þau fá þá bara meira af andoxandi efnum."

Dr. Guðrún Marteinsdóttir uppgötvaði áður óþekkta aðferð við framleiðslu hreinna og náttúrulegra húðvara. Hún segir húð sína verða sífellt unglegri með notkun kremanna og þróaði meðal annars augnkrem sem þéttir og lyftir fellingum á augnlokum svo um munar á einum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í tilefni konudags fæst TARAMAR-serúm gefins með hverju dagkremi.

TARAMAR er einstök uppfinning.

Eins og unglingur á ný

Guðrún og Kristberg hafa nú fengið staðfestingu frá óháðri franskri rannsóknastofu sem prófaði vörurnar á tilraunahópum og mat á tölfræðilegan hátt hver virknin væri.

„Í ljós kom að þær gera miklu meira en við héldum. Þær hafa áhrif á línur og hrukkur, hversu húðin er stinn og þétt, þær jafna hana og mýkja, og gera hana heilbrigðari í útliti. Mældir voru litatónar í húðinni og niðurstöður sýndu að eftir tveggja mánaða notkun á húðolíu Taramar verður litarhaftið hraustlegra og húðin ljómar. Það passar við reynslu viðskiptavina okkar, eins og Maríu Ellingsen leikkonu, sem segir: „Ég hef eingöngu notað Taramar kremin í heilt ár – og húðin orðin svo fín að ég þarf ekki lengur að nota andlitsfarða dags daglega. Það er líka góð tilfinning að vita að í þessum kremum eru fá en sérvalin efni, öll holl og örugg fyrir líkamann. Svo skiptir það mig máli að með því að nota Taramar er ég að styðja íslenskt kvenvit þar sem heildræn hugsun og ábyrgð gagnvart umhverfinu er lögð til grundvallar"."

Efni sköpuð fyrir húðina

Segja má að upphaf Taramar-húðvaranna hafi verið í rannsóknum á matvælum. Kristberg og nemendur hans höfðu unnið lengi með lífvirk efni úr matvælum og þróað tækni til að ferja þessi efni inn á rétta staði í líkamanum. Því lá beint við að nota sömu tækni við þróunina á húðvörunum og því innihalda þær flestar náttúrulegar ferjur sem aðstoða við að koma lífvirku efnunum inn í húðina. Þannig var upptaka á efnunum rannsökuð með lifandi frumulíkönum sem og hefðbundnum mælingum á oxun og lífvirkni.

„Niðurstöður sýndu fram á ótrúlegustu hluti og margt sem við vissum ekki áður. Þetta er algjörlega vannýtt auðlind af mjög öflugum efnum sem eru eins og sköpuð fyrir húðina. Til dæmis kom í ljós að ein tegund þangs inniheldur efni sem stoppar niðurbrot á byggingarefnum húðarinnar. Þessi nýstárlega aðferð gerir okkur kleift að velja eingöngu efni sem hafa góð áhrif á húðfrumurnar, með því að fanga sindurefni, draga úr oxun og bólgum, styrkja kollagenþræði, viðhalda réttu raka- og sýrustigi og efla heilbrigð efnaskipti og bruna," upplýsir Guðrún.

Húðin verður betri og betri

Taramar-húðvörurnar eru ein af fáum íslenskum húðvörutegundum sem eru búnar til hér á landi og innihalda íslenskt vatn. Þær eru fullkomlega hreinar og öruggar, byggðar á lífvirkum efnum úr sjávarfangi og lækningajurtum.

„Við notum ferjur sem búnar eru til úr fosfórlípíðum, sem er byggingarefni húðfruma í líkamanum. Þær virka þannig að lífvirku efni er pakkað inn í annað lífvirkt efni sem tengist húðfrumunum og opnar leið fyrir efnin inn í húðina. Það breytir öllu," segir Guðrún og tekur dæmi um Taramar-dagkrem með Q10.

„Oft þegar fólk byrjar að nota kremið roðnar húðin lítillega þegar Q10 fer inn í húðfrumurnar og örvar þannig efnaskiptin í húðinni. Þegar við eldumst og höfum kannski notað mikið af farða og erfiðum kremum, sem liggja á húðinni, verða frumurnar latar, því svo mikið af úrgangs- og eitrandi efnum hafa safnast fyrir og hafa þannig áhrif á bruna og efnaskipti í frumunum. Dagkremið okkar er hannað til að sparka aðeins í húðfrumurnar og endurræsa þær svo þær losi sig við úrgangsefni. Eftir nokkra mánuði kemur í ljós húð sem ekki hefur sést í langan tíma og það er rosalega merkileg upplifun," segir Guðrún, sem hefur sjálf notað Taramar-húðvörur síðan 2012.

„Ég er nú orðin 64 ára gömul og er enn að sjá breytingar á húðinni. Það gerir mig ákaflega glaða og mér finnst húðin verða betri og betri!"

Vísindi, náttúra og sjálfbærni

Nafngiftin Taramar á sér skírskotun í alheimsmóðurina Töru sem þekkt er í öllum trúarbrögðum heims, þar á meðal sem María Mey í kaþólsku.

„Tara er gríðarlega öflug ljósvera og miðlar samkennd og kærleika. Tara er sú sem maður getur kallað á þegar gefur á bátinn og mann vantar öxl til að gráta á. Mar tengir okkur við hafið því verkefnin eru öll tengd hafinu og flestar vörurnar innihalda efni úr sjó. Það var svo löngu áður en ég hóf að vinna með lífvirk efni að ég vann sem fiskifræðingur á sjó og heyrði sögur frá sjómönnum sem notuðu efni úr sjávarfangi til að slá á verki eða ná sér í meiri orku á löngum vöktum. Þetta fléttast því allt saman og jók áhuga minn á að þróa sum af þessum efnum inn í tilbúnar vörur sem færu á markað," segir Guðrún.

Lógó Taramar er líka úthugsað; þrír hringir sem vefjast saman og standa fyrir vísindin, náttúruna og sjálfbærni, sem og hreinleika.

„Talan þrír er merkileg og stendur meðal annars fyrir efnisbirtingu hugmynda í efninu. Hún táknar einnig hina heilögu þrenningu og ekki síst okkur sjálf; sálina, egóið og líkama. Sagt er að hlutverk mannanna sé að tengja þessa þætti saman en líkaminn vill oft gleymast og hér erum við að hjálpa líkamanum að ná vellíðan, slökun og auknu heilbrigði og stuðla þannig að samþættingu allra þátta."

Fellingarnar hurfu á mánuði

Ásamt húðlínunni Taramar Beauty hafa Guðrún og Kristberg gert barnalínuna Tarakids sem hlotið hefur gullverðlaun Baby and Toddlers Awards.

„Taramar-vörurnar eru engum líkar og viðtökurnar hafa verið gríðarlega góðar, ekki síst við aðferðinni sem við uppgötvuðum á heimsvísu," segir Guðrún.

Hún nýtur þess að fylgjast með umsögnum þeirra sem nota Taramar.

„Það er skemmtilegast að heyra ótrúlegar sögur um áhrif Taramar og vörurnar eru að leysa svo mörg vandamál hjá mörgum. Sjálf er ég engin tískudama en var komin með hvimleiðar fellingar yfir augnlokin. Ég vissi að sumar vinkvenna minna höfðu látið skera þær í burtu en ákvað fyrst að reyna að þróa augnkrem sem myndi draga úr þessum fellingum. Það tókst svo vel að ég er ekki enn farin í uppskurð, efnin eru úr alparós og þangi og þétta húðina svo vel að á einum mánuði má sjá millimetra breytingar á fellingunum. Öll þessi efni eru að koma úr náttúrunni, þar er svo mikið sem eftir á að uppgötva!"

Í tilefni konudagsins fæst Taramar-serúm gefins með hverju dagkremi sem verslað er á taramar.is. Taramar fæst einnig í Fríhöfninni, Sápunni á Laugavegi, Urðarapóteki, Lyfsalanum, Íslandsapóteki og Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ og Akureyri. Sjá nánar á taramar.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

NÝ SENDING

MOS MOSH

ÚTSÖLULOK

LAU 20. FEBRÚAR

60-80% AFSLÁTTUR

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Glæsileg hausttíska á tískuviku í Kaupmannahöfn

Tískuvikan í Kaupmannahöfn fór fram með óhefðbundnum hætti fyrr í þessum mánuði. Haust- og vetrartískan 2021-2022 var þar sýnd í gegnum streymi á vefnum. Samkvæmt myndum verður tískan glæsileg.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Tískuvikan í Kaupmannahöfn leggur fyrst og fremst áherslu á norræna hönnun. Bæði koma fram þekktir norrænir hönnuðir og þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref. Á hverju ári fá tíu hönnunarnemar að sýna lokaverkefni sín á tískuvikunni og eru veitt verðlaun fyrir bestu hönnunina. Þeir sem fá verðlaun fá að setja hönnun sína í sölu hjá tískuverslun-inni Browns og að auki fær einn sex mánaða starfsnám hjá Bottega Veneta í Mílanó.

Með fram því sem hönnuðir kynntu tískuna var boðið upp á rafrænt spjall við framkvæmdastjóra stórra framleiðenda auk starfsfólks sem kemur að tískuvikunni sjálfri. Auk þess var boðið upp á netumræður um kynþáttafordóma í skandinavískum tískuiðnaði.

Mörg þekkt nöfn í tískuheiminum á Norðurlöndum sýndu hönnun sína en meðal þeirra var Malene Birger. Fyrirtækið sem var stofnað árið 2003 er orðið rótgróið og þekkt víða um heim. Malene Birger merkið þykir sérstaklega kvenlegt en um leið frjálslegt. Malene Birger er með fjórtán verslanir víðs vegar um Norðurlöndin. Föt hennar eru seld í meira en 500 verslunum víða um heiminn, meðal annars New York, London, París, Tókýó, Antwerpen, München, Amsterdam, Porto, Bern, Osló, Helsinki, Moskvu, Montreal, Sydney og Reykjavík.

„Við viljum að konum sem klæðast hönnun okkar líði vel í fötunum, þau eru svolítið bóhem en jafnframt í anda naumhyggju. Óaðfinnanleg smáatriði, falleg snið og frábær efni," segir listrænn stjórnandi fyrirtækisins, Maja Dixdotter. „Hugmyndin okkar hefur ávallt verið sú að hanna fatnað sem konur eiga lengi og geta notað aftur og aftur."

Malene Birger er danskur hönnuður sem stofnaði ásamt öðrum Day Birger et Mikkelsen árið 1997 og síðan By Malene Birger árið 2003. Malene hóf feril sinn árið 1989 sem hönnuður hjá Carli Gry en starfaði síðan sem yfirhönnuður kvenfatnaðar hjá Marc O'Polo í Stokkhólmi. Hún seldi Day Birger árið 2002 þar sem hún hafði verið meðeigandi og stofnaði By Malene Birger í samvinnu við IC Group. Árið 2010 seldi hún hlut sinn í fyrirtækinu til meðeiganda en rekur nú fyrirtæki í innanhússhönnun sem nefnist Birger1962 og hefur notið mikilla vinsælda.

Birger býr á Mallorca og er danskur sendiherra UNICEF. Hún hefur hannað ýmsan varning sem seldur er til að afla fjár fyrir samtökin.

Önnur þekkt merki sem tóku þátt í dönsku tískuvikunni voru meðal annarra Rotate Birger Christensen, House of Dagmar, Wood Wood, Ganni, Stine Goya, Holzweiler, 7 Days Active, Gesture, Rains, Mark Kenly Domino Tan, Rixo, H&M, Marimekko, Stand Studio og Henrik Vibskov.

Tískuvikan í Kaupmannahöfn fer fram tvisvar á ári, í janúar/febrúar og ágúst. Fyrsta tískuvikan fór fram í Bella Center árið 1968 og er hún nú orðin ein stærsta tískuvikan í N-Evrópu.

Þessi stórglæsilega kápa var sýnd á tískusýningunni hjá By Malene Birger og þótti ómótstæðilega falleg. MYNDIR/COPENHAGEN FASHION WEEK

Tískumerkið Ganni sýndi fallega fatalínu, m.a. þetta hvíta dress.

Henrik Vibskov sýndi einnig þennan fallega kjól.

Kjóll og jakki í stíl frá danska hönnuðinum Henrik Vibskov.

Þetta frjálslega dress er líka frá Ganni.

Síð kápa og dragt undir. Glæsilegur fatnaður frá By Malene Birger.

Æðisleg drakt frá By Malene Birger. Dragtir voru mikið sýndar og verða því án vafa vinsælar í haust.

Síð peysa frá By Malene Birger. Greinilegt að jarðarlitir eiga vel við hönnuði fyrirtækisins.

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættri starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Öruggar greiðsluleiðir

FIMMTUDAGUR 18. FEBRÚAR 2021

Kynningar: Rapyd Europe, Regla, Valitor, Splitti.

Garðar Stefánsson, forstjóri Rapyd Europe, segir að markmið Rapyd sé að gera viðskiptavinum sínum kleift að stækka markaðssvæði sitt og hafa þannig aðgang að fleiri viðskiptavinum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af greiðslumiðlun. Hún getur verið flókin þegar söluaðilar vilja færa út kvíarnar og opna á viðskipti erlendis því hvert markaðssvæði er einstakt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Snjallari lausnir í greiðslumiðlun á Íslandi

Alþjóðlega fjártæknifyrirtækið Rapyd gefur viðskiptavinum sínum aðgang að nýjum tækni- og greiðslulausnum svo þeir geti stækkað markaðssvæði sín. Fyrirtækið er í hröðum vexti hér á landi og mun bjóða upp á fjártækni og þjónustu tengda henni sem ekki hefur boðist áður. →2

Framhald af forsíðu

Alþjóðlega fjártæknifyrirtækið Rapyd keypti íslenska fyrirtækið Korta um mitt síðasta ár. Korta heitir nú Rapyd Europe og hefur Garðar Stefánsson, sem starfaði áður sem framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Korta, verið ráðinn sem forstjóri fyrirtækisins. Undir forystu Garðars mun félagið einbeita sér að innri vexti og fjölgun starfsfólks á Íslandi, en um leið styðja við vaxandi umfang samstæðunnar í Evrópu.

„Við erum að gera greiðslumiðlun aðgengilega bæði fyrir söluaðila og neytendur með því að einfalda viðskipti hvar sem er í heiminum," segir Garðar. „Rapyd samstæðan styður hundruð greiðsluleiða víðs vegar um heiminn. Við hjálpum söluaðilum að gera upplifun neytenda þægilegri með því að bjóða upp á þær greiðsluleiðir sem neytendur kjósa að nota."

Ólíkar greiðsluleiðir á ólíkum svæðum

„Á Íslandi er Rapyd að greiða leið viðskiptavina að neytendum með því að bjóða upp á fleiri greiðsluleiðir," segir Garðar. „Í nánustu framtíð bætum við greiðsluleiðum á borð við WeChat og AliPay og öðrum stafrænum greiðsluleiðum við í verslunum, sem verður mikilvægt þegar hægt verður að opna landamærin fyrir ferðamönnum.

Markmið okkar er að gera viðskiptavinum okkar kleift að stækka markaðssvæði sitt og hafa þannig aðgang að fleiri viðskiptavinum. Greiðslumiðlun á það til að verða flókin þegar söluaðilar vilja færa út kvíarnar og opna á viðskipti erlendis því hvert markaðssvæði er einstakt og oft eru til staðar staðbundnar tæknilausnir eða greiðsluleiðir sem neytendur kjósa. Þetta geta verið peningar, kort, rafveski, millifærslur eða aðrar stafrænar greiðsluleiðir," útskýrir Garðar. „Það flækir hlutina enn fremur að um þetta allt gildir strangt regluverk sem allir sem höndla með fjármuni verða að fylgja í hvívetna. Enginn söluaðili er með slíka innviðauppbyggingu sem hluta af sinni kjarnastarfsemi.

> **Þó að kortanotkun sé ein útbreiddasta greiðsluleiðin á Íslandi og í Evrópu er landslagið annað víða um heim og meira en helmingur mannkyns notar aðrar greiðsluleiðir í dag.**

Rapyd einfaldar þetta fyrir söluaðila. Við sjáum um þessa flóknu starfsemi og sjáum til þess að uppfylla öll þau skilyrði sem gilda um slíka greiðslumiðlun," segir Garðar. „Söluaðilar geta því einbeitt sér að sinni starfsemi og tengst okkur fyrir annað.

Þó að kortanotkun sé ein útbreiddasta greiðsluleiðin á Íslandi og í Evrópu er landslagið annað víða um heim og meira en helmingur mannkyns notar aðrar greiðsluleiðir í dag," segir Garðar. „Þess vegna viljum við bæta við nýjum tæknilausnum og greiðsluleiðum á Íslandi, sem munu meðal annars henta ferðaþjónustunni og öðrum söluaðilum sem vilja þjónusta neytendur sem koma annars staðar frá en Evrópu."

Faraldurinn flýtti fyrir

„Heimsfaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif og flýtt fyrir því að fólk nýti stafrænar greiðsluleiðir. Þróun sem í venjulegu árferði hefði tekið fimm ár gerðist á þremur mánuðum, enda er netsala að vaxa að minnsta kosti tíu sinnum hraðar en fyrir COVID," útskýrir Garðar. „Neytendur hafa nú fleiri leiðir til þess að versla en þeir gerðu áður. Fyrir þennan heimsfaraldur höfðu til dæmis margir neytendur ekki hugsað sér að versla matvörur á netinu og fá þær sendar heim. Margir höfðu heldur ekki pantað á vefsíðu og farið síðan til þess að sækja vörurnar í snertilausu umhverfi.

Það sem við höfum lært er að neytendur aðlagast breyttum aðstæðum og þessar breytingar gera verslun og viðskipti skilvirkari að mörgu leyti," segir Garðar. „Viðskiptin þurftu því að aðlagast breyttu sniði og jafnvel þó að við förum aftur í gamla „normið" eiga margir eftir að halda áfram að versla á þennan máta."



Garðar segir að fjártæknifyrirtækið Rapyd sé að stækka jafnt og þétt og mikill innri vöxtur eigi sér stað um þessar mundir, en félagið sé einnig að skoða ytri vaxtartækifæri og sé að auka vöruframboðið í Evrópu. Hann segir að fyrirtækið sé að fjárfesta mikið hér á landi og ætli að ráða fleira starfsfólk á öllum sviðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikill vöxtur og ný tækifæri

Vöxtur Rapyd hefur verið mikill að undanförnu og fyrirtækið var í hlutafjáraukningu.

„Samstæðan er að stækka jafnt og þétt og mikill innri vöxtur á sér stað um þessar mundir, en félagið er einnig að skoða ytri vaxtartækifæri," segir Garðar. „Samstæðan er að fjárfesta mikið hér á Íslandi og ráða fleira starfsfólk á öllum sviðum. Með vexti okkar í fjártækni og nýjum greiðsluleiðum munum við geta þjónustað íslenska seljendur enn betur, enda er full þörf á því. Það er skortur á tækninýjungum á íslenska markaðnum að okkar mati og Rapyd mun bjóða upp á fjártækni og þjónustu sem henni tengist sem ekki hefur boðist hér áður.

> **Með vexti okkar í fjártækni og nýjum greiðsluleiðum munum við geta þjónustað íslenska seljendur enn betur, enda er full þörf á því.**

Í Evrópu er félagið líka að auka veruframboðið, sér í lagi þegar við kemur færsluhirðingu, aðallega vegna kaupa Rapyd á Korta. Við sjáum gríðarleg tækifæri í netgreiðslum og bjóðum einnig upp á einfaldar tengingar við stærstu netverslunarkerfin, meðal annars Shopify, WooCommerce, Wix og Magento," segir Garðar. „Þessi kerfi geta tengst greiðslumiðlun Rapyd og opnað þannig aðgang að stóru markaðssvæði þar sem neytendur geta verslað vörur og þjónustu.

Samstæðan er einnig að skoða frekari fjárfestingar. Þar er fyrst og fremst verið að skoða aðgengi að mörkuðum, en ekki tæknilausnir," útskýrir Garðar. „Kaupin á Korta þóttu vera frábær viðbót við greiðslulausnir Rapyd og dæmi um það hvernig tæknilausnir Rapyd geta nýst íslenskum söluaðilum, enda hafa viðtökurnar verið frábærar. Samstæðan gerir ráð fyrir því að ganga frá fleiri kaupum árið 2021 á öðrum mörkuðum sem eru í sókn."

Nánari upplýsingar um Rapyd má finna á vefsíðunni: www.rapyd.net.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

Notendavænt er lykilorðið

Afgreiðslukerfi Reglu var hleypt af stokkunum árið 2015 og hefur frá þeim tíma verið eitt af lykilkerfum Reglu, ásamt fjárhagskerfi, sölukerfi og launakerfi. Regla hefur rekstraröryggi í hávegum.

Rekstraröryggi er númer eitt í afgreiðslukerfum verslana og veitingastaða," segir Sveinn Baldursson, sem er potturinn og pannan í þróunardeild Reglu POS.

Sveinn segir ekki boðlegt að viðskiptavinir þurfi að bíða í röð vegna þess að tæknin sé að klikka í kassakerfinu og svo sannarlega geti það bitnað illilega á starfsmönnum.

„Við hönnun afgreiðslukerfisins höfum við alltaf lagt mikla áherslu á að það sé notendavænt, þannig að starfsmönnum líði vel með notkun þess og að það taki sem stystan tíma að kenna nýjum starfsmönnum á það."

Að sögn Sveins getur verið snúið að bregðast við öllum óskum um breytingar og þróun án þess að auka flækjustig í notkun eða að það komi niður á rekstraröryggi.

„Þetta hefur gengið vel upp hingað til og ég vil fullyrða að afgreiðslukerfið okkar sé eitt það besta hvað þetta varðar. Viðskiptavinir okkar kunna líka vel að meta að geta uppfært og breytt lagerstöðu, verðum og vörunúmerum á vefnum og breytingarnar skila sér um leið í afgreiðslukassana eða í vefverslunina. Regla er hönnuð fyrir skýið og það eina sem þarf er aðgangur að interneti."

Notendavænt viðmót

Daníel Ingólfsson hefur haft veg og vanda af uppsetningum á afgreiðslukerfi Reglu hjá viðskiptavinum og segir að það taki yfirleitt bara eitt símtal.

„Við tengjumst tölvunni eða kassanum hjá þeim, setjum upp kerfið og kennum þeim að nota það," segir Daníel og heldur áfram: „Flestir eru fljótlega „up and running" og farnir að afgreiða sína viðskiptavini með bros á vör; kerfið er svo einfalt í notkun."

Daníel segir að þrátt fyrir einfaldleikann sem einkenni viðmót kerfisins sé aðlögunarhæfni þessi mikil. „Við erum með mjög fjölbreyttan viðskiptavinahóp og þeir hafa mikla möguleika á aðlögun að sínum rekstri. Kerfið hentar fullkomlega í verslun með mikið álag og sem krefst hraðrar afgreiðslu, og á veitingastaði með marga borðsali og mikil umsvif. Regla er líka mjög sanngjörn í verðum og getur því hentað fyrir litlar rekstrareiningar."

Sjálfsafgreiðsla og vefverslun sem bregst við í rauntíma

Sveinn segir afgreiðslukerfi Reglu þurfa að standast tímans tönn og geta brugðist við áskorunum, og það hafi starfsfólk Reglu lagt sig í líma við að gera.

„Í heimsfaraldri þarf að finna nýjar leiðir í viðskiptum, til dæmis með sjálfsafgreiðslumöguleikum og vefverslunum. Akkúrat þessa dagana erum við að útfæra sjálfsafgreiðslu á veitingastöðum þar sem viðskiptavinir geta skannað svokallaðan QR-kóða á borðinu og gengið frá pöntun og greiðslu í símanum. Pöntunin getur svo prentast út á prentara í eldhúsinu eða birst þar á skjá. Þetta þýðir umtalsverðan vinnusparnað í veitingahúsum, léttir vinnuna hjá starfsmönnum og eykur afköst."

Sveinn nefnir að COVID-19 hafi kennt okkur öllum að það sé bæði auðvelt og þægilegt að versla á netinu.

„Í Reglu er hægt að vera með sameiginlegan lager verslunar og vefs og öll sala uppfærist í rauntíma. Það þýðir að vara sem selst upp í verslun er um leið ófáanleg í vefverslun, og öfugt. Þetta er mjög mikilvægt því fátt ergir viðskiptavini meira en fá skilaboð um að varan sem þau versluðu á netinu og greiddu, sé ekki lengur til. Eins kemur tilkynning í versluninni ef vara er í pöntun á vefnum."

Þetta lágmarki hættuna á að valda viðskiptavinum vonbrigðum.

„Við erum líka með nýtt sjálfsafgreiðslukerfi fyrir tjaldsvæði og við hlökkum óskaplega til að sjá það fara í gang þegar lífið hefst að nýju á tjaldsvæðunum," segir Sveinn.

Stýrikerfið ekki vandamál

Eitt af mörgum hlutverkum Péturs Sigurðssonar hjá Reglu er að sjá til þess að kerfið geti starfað í flestum stýrikerfum.

„Við getum keyrt afgreiðslukerfið okkar á Windows- og Android-verslunarkössum og á Windows-, IOS- (iPad) og Android-spjöldum og eftir því sem við best vitum er ekkert kerfi hér á landi sem er svo fjölhæft," segir Pétur.

Hann nefnir sem dæmi fyrirtæki í þjónustu Reglu sem hagnýtir öll stýrikerfin og er með deildir um allt land, verslanir og veitingahús.

„Við kláruðum forritun á þessi tæki fyrir þau síðasta vor og það gengur glimrandi vel. Allt er þetta samtengt í eitt kerfi, fjárhags- og söluupplýsingar uppfærast í rauntíma eins og lagerinn."

Á síðasta ári var afgreiðslukerfi Reglu gert klárt í nýju snjallposana og um leið og greiðslukortafyrirtækin verða tilbúin með sínar tengingar verða þau tæki allsráðandi, að sögn Péturs.

„Það má rétt ímynda sér hversu miklu það munar fyrir þjóna á veitingastöðum að geta ekki bara tekið niður pantanir við borð viðskiptavina og sent pöntunina rafrænt inn í eldhús heldur að geta líka tekið við greiðslu við borðið. Afgreiðslukerfi Reglu er uppsett í snjallposann og vinnur eins og hefðbundið afgreiðslukerfi, beintengt við sölu- og fjárhagskerfi Reglu, í rauntíma."

Harðsnúið teymi í afgreiðslukerfi Reglu. Frá vinstri: Pétur Sigurðsson, Sveinn Baldursson, Daníel Ingólfsson, Daníel Guðnason og Gísli Georgsson.

Daníel Ingólfsson leiðir nafna sinn Guðnason í allan sannleika um afgreiðslukerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Flestir eru fljótlega "up and running" og farnir að afgreiða sína viðskiptavini með bros á vör; kerfið er svo einfalt í notkun.**
>
> **Daníel Ingólfsson**

Allt frá ferðaávísunum til Alipay og WeChat

Regla hefur kappkostað að vera með á nótunum þegar kemur að greiðsluleiðum.

„Nánast um leið og yfirvöld voru tilbúin með útdeilingu ferðaávísana gátu viðskiptavinir okkar tekið á móti þeim. Við gerum líka ráð fyrir Pei, Netgíró, gjafabréfum, erlendri mynt og fleiru, og næsta verkefni er að geta tekið á móti greiðslum frá Alipay og WeChat sem er gríðarlega vinsælt hjá kínverskum ferðamönnum," upplýsir Sveinn.

Regla er ungt fyrirtæki, hugbúnaðurinn í blússandi þróun og gríðarlegur metnaður innanhúss.

„Það nærir okkur að eiga í samskiptum við viðskiptavini og við viljum virkilega að þeir séu eins glaðir með verkefnin okkar og við. Það er enn þannig að nýjum óskum um viðbætur í kerfið er mjög vel tekið og við bregðumst við eftir bestu getu. Fram undan er til dæmis að vera tilbúin fyrir allar gerðir af snjallposum og sjá fyrir hvar þörf er á fleiri sjálfsafgreiðslulausnum."

Allar nánari upplýsingar á regla.is.

Við erum hér til að styðja við söluaðila

Hjá Valitor er lögð áhersla á að þróa öruggar lausnir sem mæta kröfum viðskiptavina - ein þeirra er ValitorPay.

Valitor er þessa dagana að kynna fyrir hugbúnaðarhúsum og viðskiptavinum nýja greiðslulausn sem heitir ValitorPay. „Þessi lausn ber þau einkenni að hún er þróuð af forriturum fyrir forritara og er því einfaldari í innleiðingu og viðhaldi en eldri lausnir," segir Sigurjón Ernir Kárason, vöruþróunarstjóri Valitor.

> Valitor hefur einsett sér að styðja við söluaðila sína með lausnum og tengingum sem auðvelda þeim að eyða tíma sínum í aðra þætti rekstrarins.

Rótgróið, íslenskt félag

Valitor hefur frá 1983 verið íslenskur færsluhirðir og boðið söluaðilum upp á alhliða greiðsluþjónustu. Samhliða því að greiðslumiðlun, líkt og margt annað, hefur sífellt orðið stafrænni, þá hefur Valitor fært sig úr því að vera hefðbundið fjármálafyrirtæki yfir í hugbúnaðarhús og í dag starfa yfir 40 manns við vöruþróun fyrir íslenska markaðinn. Þannig getur Valitor stutt við stafræna vegferð sinna viðskiptavina.

Netverslun í örum vexti

Sigurjón segir að vægi netverslunar hafi sífellt verið að aukast á undanförnum árum. Valitor hafi í gegnum tíðina boðið upp á fjölbreytta vefþjónustu til að sinna mismunandi þörfum á markaðinum en það stefndi í að vöruframboð félagsins bæri þess merki að svara kalli liðinnar tíðar. Í ljósi þess að heimsfaraldurinn kallaði á hraðari þróun á netverslun var ákveðið að hanna nýja lausn frá grunni sem myndi gera söluaðilum enn auðveldara að taka á móti greiðslum á vefnum eða í gegnum smáforrit (e. apps) og svara með því ítrustu kröfum markaðarins. Samhliða því að taka í notkun nýju lausnirnar mun eldri og frumstæðari lausnum verða lokað.

Útkoman er heildarlausnin ValitorPay sem auk þess að vera einfaldari í innleiðingu og viðhaldi en eldri lausnir, styður einnig ýmsar nýjungar á borð við myntval (e. DCC) í netgreiðslum, hlutaheimild sem gerir vefverslunum kleift að taka frá heimild fyrir pöntun viðskiptavinar en sækja svo heimild fyrir endanlegri upphæð. Þetta gerir til dæmis dagvöruverslunum mögulegt að rukka nákvæm gildi fyrir ferskvöru á borð við fisk, kjöt og grænmeti í stað miðgilda sem notuð eru í dag. Enn fremur dregur þetta úr endurgreiðslum þegar vörur eru ekki til á lager en hafa verið seldar, en þeim fylgir bæði kostnaður og umstang/bið fyrir korthafann. Auk þess styður ValitorPay nýjar kröfur Evrópusambandsins um öryggi færslna (3D Secure 2.1) sem innleiddar voru í Evrópu í ársbyrjun.

„Valitor er einnig með breitt vöruframboð þegar kemur að „tilbúnum" greiðslulausnum fyrir netviðskipti. Við bjóðum upp á hefðbundna Greiðslusíðu sem og nýtt „Checkout"-form sem einfalt er að innleiða og heldur korthafanum inni á vef söluaðila í gegnum allt ferlið, þökk sé einstakri hönnun. Það er svo sífellt vinsælla hjá söluaðilum, stórum sem smáum, að nota tilbúin vefverslunarkerfi á borð við Magento, Shopify eða WooCommerce og getur Valitor boðið lausnir sem tengjast þeim með nokkrum smellum," segir Sigurjón.

Sameiginleg markmið söluaðila og Valitor

„Stafræn vegferð fyrirtækja, stórra og smárra, er í fullum gangi og Valitor hefur einsett sér að styðja við söluaðila sína með lausnum og tengingum sem gera þeim auðveldara að eyða tíma sínum í aðra þætti rekstrarins. Þess vegna er Valitor með öflugan þjónustuvef sem býður upp á beinar bókhaldstengingar við stærstu bókhaldskerfi landsins, ásamt því að bjóða upp á nýja kynslóð posa, svokallaðra PAX Android-tækja, á markaðinum sem munu gerbreyta því hvernig við horfum á greiðslutæki með tilkomu lausna sem vinna beint á posanum í samstarfi við hugbúnaðarhús," segir Sigurjón og bætir við: „Vöruframboð Valitor hefur aldrei verið breiðara og við hlökkum til að styðja söluaðila, hugbúnaðarhús og þróunaraðila í að ná sem bestum árangri í sífellt breytilegu umhverfi."

Sigurjón Ernir Kárason vöruþróunarstjóri segir ValitorPay vera einfalt í innleiðingu og viðhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Söguleg samfylgd við búðarkassa

Búðarkössum hefur fleygt fram í tímans rás og taka sífelldum framförum. Gaman er að sjá hvernig þróunin hefur verið á kassanum frá fyrstu tíð.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

> Sumir sakna kaupmannsins sem heilsaði og kvaddi viðskiptavini með virktum.

Fyrstu sjóðvélarnar voru forkunnarfögur smíð en mikil tækniframför og liðsinni fyrir kaupmenn sem gátu loks slegið inn vöruverð í augliti viðskiptavina sinna og fengið allt hárrétt útreiknað upp á krónu og aur. Í því fólst líka öryggi fyrir kaupendur, að sjá útreikning innkaupanna fyrir augum sér, og vitaskuld öryggi fyrir verslunarmanninn að geyma fjármuni dagsins í læstri peningaskúffu.

Síðan hafa liðið mörg ár og búðarkassar tekið miklum breytingum í takt við tækninýjungar hvers tíma. Í dag hafa sjálfsafgreiðslukassar tekið við af mannshöndinni við færibandið á mörgum stöðum og margir sakna þess að eiga ekki í mannlegum samskiptum við matarinnkaupin, eins og þegar kaupmaðurinn á horninu heilsaði og kvaddi með virktum og jafnvel skrifaði hjá sér innkaupin þegar lítið var eftir í buddunni. Sjálfvirknin er hins vegar komin til að vera og flýtir fyrir mörgum að kaupa inn og komast heim, og greiðslan er innt af hendi með kortum í greiðsluposa sem skila kvittunum sem sýna viðskiptin með gegnsæjum hætti.

Gullfallegur búðarkassi frá aldamótunum 1900.

Stællega klædd búðarkona við stællega flottan búðarkassa í Denver 1966. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vélmennið Pepper minnir viðskiptavini í Þýskalandi á sóttvarnir og reglur vegna COVID 19 við búðarkassana.

Nútíminn lætur ekki að sér hæða og innkaupin verða sífellt handhægari. Hér skannar viðskiptavinur matvöruverslunar vörurnar beint inn í farsímann sinn.

Æ fleiri stórverslanir setja upp sjálfsafgreiðslukassa, en hér má bara nota annan hvern þeirra vegna COVID 19.

hugbúnaður

dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

Verið velkomin í skýið hjá dk

Lausnir fyrir verslanir og vefverslanir

dk hugbúnaður býður upp á öflugar lausnir fyrir stórar sem smáar vefverslanir. dk Plus REST vefþjónustan er ódýr og öflug tenging milli sölu- og birgðakerfis dk viðskiptahugbúnaðar og vefverslunar. Með slíkri tengingu er hægt að sækja, uppfæra og stofna sölureikninga, sölupantanir, birgðastöðu og fjárhagsfærslur með WooCommerce eða Shopify vefverslunum. Fjöldi þjónustufyrirtækja hefur skrifað tengingu við dk í gegnum vefþjónustur dk. Mikill tímasparnaður næst við sölureikningagerð og uppfærslu á birgðastöðu með dk Plus REST vefþjónustunni. Nánari upplýsingar á www.dk.is/lausnatorg. Verið í sambandi og fáið kynningu á þeim lausnum sem dk hugbúnaður býður uppá fyrir verslanir og vefverslanir.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2020

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2020 Framúrskarandi fyrirtæki

dk hugbúnaður
510 5800 | dk@dk.is | dk.is
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

Baldvin Samúelsson og Smári Ríkarðsson, eigendur Tryggja, ásamt Örnu Diljá S. Guðmundsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tryggingakerfi vekur athygli

Tryggja er vátryggingamiðlun sem aðstoðar með almennar vátryggingar auk sérlausna og tjóna. Tryggja hefur sérhannað hugbúnað sem hentar tryggingafélögum víðs vegar um heiminn.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Smári Ríkarðsson og Baldvin Samúelsson eru eigendur Tryggja, en þeir hafa langa reynslu af hönnun vátrygginga, tjónauppgjöra og almennri miðlun vátrygginga. Nýlega urðu tímamót í rekstrinum þegar hugbúnaður sem starfsmenn Tryggja hafa hannað var seldur til vátryggingamiðlunarinnar London Marine. Kerfið hefur vakið athygli og segir Smári að fleiri erlendar vátryggingamiðlanir séu að skoða kaup á því. „Þetta hugbúnaðarkerfi er hannað sérstaklega fyrir starfsemi af þessu tagi og þykir á margan hátt einstakt," segir hann. „Við fundum fyrir því að það vantaði sérstakt kerfi fyrir minni vátryggingafélög og fórum því í að hanna það sjálfir. Salan á þessum hugbúnaði er mikil viðurkenning fyrir starfsemina," segir Smári.

Löng saga

Saga Tryggja ehf. spannar allt til 1995 þegar miðlunin var stofnuð til að bjóða Íslendingum erlendar vátryggingar, sem ekki hafði verið gert áður. Í framhaldinu tók fyrirtækið að sér uppgjör fyrir Lloyd's í bifreiða-, eigna- og smábátatjónum. Tryggja hefur haldið þróun sinni áfram og síðustu ár hefur fyrirtækið farið í að selja vátryggingar út í eigin reikning fyrir vátryggingafélög, bæði íslensk sem erlend.

Smári segir að vátryggingamiðlun sjái um að finna markaði fyrir vátryggingar, auk þess að leysa vandamál hjá fyrirtækjum og einstaklingum gagnvart vátryggingafélögum. „Fólk lítur á tryggingar sem vöru sem maður kaupir á einfaldan hátt en hugsar ekki út í umfangið sem býr að baki. Þar getur legið alls kyns áhætta fyrir framtíðinni. Fyrirtæki sem er til að mynda að fara inn á erlendan markað með nýja vöru þarf að huga vel að tryggingamálum, bæði hvort varan geti valdið skaða en einnig gagnvart samningsaðilum sínum. Með vátryggingum er fyrirtækið að verja sig gagnvart því sem upp kann að koma. Við erum milliliðir í slíkum samningum. Í staðinn fyrir að fyrirtækið sé með fullt af bankaábyrgðum og peningum til að borga hugsanlegt tjón er það að borga vátryggingar sem vernda það fyrir hugsanlegu tjóni. Miðlarinn finnur réttu lausnirnar," útskýrir Smári, þegar hann er spurður fyrir hvað vátryggingamiðlun standi.

Samstarf við Lloyd's

„Við erum sömuleiðis Lloyd's „cover holder" og höfum því beinan aðgang að Lloyd's markaðinum. Tryggja er með heimild um sölu vátrygginga út á eigin reikning fyrir annað vátryggingafélag. Við getum selt sjúkra- og slysatryggingar á Íslandi frá Lloyd's og innheimtum iðgjaldið. Í framhaldi af því urðum við að búa til kerfi til að halda utan um alla þessa starfsemi. Núna er kerfið sem sagt orðið að útflutningsvöru," segir Smári. „Þetta hugbúnaðarkerfi höfum við verið að þróa undanfarin átta ár. Það fór úr því að vera lítið kerfi fyrir samningagerð í það að vera fullkomið vátryggingakerfi sem sér um sölu vátrygginga, samskipti við viðskiptavini og sölumenn auk allra samskipta við tryggingafélagið sem ber ábyrgðina á tryggingunum. Einnig heldur kerfið utan um allt greiðsluflæði til allra aðila sem koma að málinu. Þetta er gríðarlega gott kerfi sem við höfum verið að kynna í London þar sem það hefur vakið athygli," segir Smári og bætir við að áður en kerfið hafi orðið til hafi þeir skoðað á erlendum mörkuðum hvort slík kerfi væru fáanleg. „Upp úr því varð þetta kerfi til, en það getur sinnt flestum þörfum og er með öllum víddum sem slík kerfi þurfa eins og útgáfu og endurnýjun, skýrslugjöf til vátryggingafélags, greiðslu og rekstrarupplýsingar auk tjónakerfis," segir hann.

Kerfi sem hentar öllum

„Aðalstyrkur kerfisins er sá að það heldur utan um samskiptakerfi sem gerir öllum sem að koma mögulegt að upplýsa um ástæður og annað sem við kemur útgáfu vátryggingar. Sem dæmi getur sölumaður innt af hendi upplýsingaöflun og sett inn sína hlið á málinu og sá sem ábyrgð tekur á vátryggingarútgáfunni lesið og hugsanlega gert athugasemd. Þessir aðilar geta verið allsstaðar í heiminum. London Marine er í samstarfi við vátryggingamiðlara úti um allan heim en kerfið hentar vel fyrir slík verkefni þar sem iðgjaldaveltan er ekki að réttlæta kaup á stórum kerfum. Duncan Thomson, eigandi London Marine, gerir ráð fyrir að miðla um nokkrum þúsundum skírteina á næsta ári í umræddu verkefni. Um er að ræða vátryggingar sportbáta í Karíbahafi," útskýrir hann. „Tekjumódel Tryggja af útleigu á miðlarakerfinu er fast upphafsverð, auk ákveðinnar upphæðar á hvert útgefið skírteini. Við skulum því vona að þeir í Bretlandi standi við stóru orðin og selji hvað mest svo kerfið fái góðar tekjur. Önnur vátryggingamiðlun, mun stærri, hefur einnig verið í viðræðum við okkur um að taka kerfið upp fyrir ákveðna vátryggingu sem er í burðarliðnum á meginlandi Evrópu," segir Smári.

Tryggja starfar með fjölda vátryggingafélaga víðs vegar um heiminn. Meðal verkefna er aðstoð við fyrirtæki og sveitarfélög með vátryggingar og ekki síður að stækka þann ramma sem settur er utan um það hugtak. Með breyttum reglum varðandi upplýsingar fyrirtækja með ársreikningum höfum við boðið aðstoð með áhættubókhald og framsetningu þess.

Tryggja aðstoðar við tjónsuppgjör, en félagið og starfsmenn þess hafa starfað hinum megin borðs hjá vátryggingafélögum til lengri tíma og aðstoðað einstaklinga við að yfirfara vátryggingar.

Nánar má sjá á heimasíðunni tryggja.is.

Deloitte.



Traustur samstarfsaðili í netöryggismálum

Frá veikleikaprófunum til stefnumótunar

Höfum yfir 6.500 sérfræðinga í netöryggisþjónustu um allan heim

www.deloitte.is

Heimsins elsti gjaldmiðill

Breska pundið er elsti gjaldmiðill heims sem enn er í notkun, en það er 1.200 ára gamalt. Pundið hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar á þessu rúma árþúsundi sem það hefur verið í notkun.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Seðlabanki Englands, Bank of England í London. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Breska pundið á sér langa sögu og hefðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Penní úr sterlingssilfri hafa verið til síðan árið 775 en Offa konungur Mercíu er yfirleitt talinn vera ábyrgur fyrir útbreiðslu myntarinnar. Fullprentaðir seðlar komu fyrst fram á sjónarsviðið árið 1853, fyrir þann tíma, eða frá árinu 1694, voru til seðlar sem voru aðeins prentaðir að hluta til. Á þá var prentað £ merkið sem táknar sterlingspund, tölustafirnir voru síðan handskrifaðir á seðilinn og þeir urðu að vera undirritaðir af gjaldkera hjá Seðlabanka Englands.

Upphaflega jafngilti verðmæti breska pundsins einu pundi af 92,5% hreinu silfri með 7,5% eir, sem kallast sterlingssilfur. Af því er dregið nafnið sterlingspund.

Pundið er einn mest notaði gjaldmiðill heims í viðskiptum. Árið 2020 var það í fjórða sæti á eftir Bandaríkjadal, evru og japönsku jeni. Breska pundið er gefið út í 5, 10, 20 og 50 punda seðlum. Seðlarnir eru hver með sinn lit og stækka eftir því sem verðgildið er hærra. Myntirnar eru síðan, 1, 2, 5, 10, 20 og 50 penní og 1 og 2 pund. Andlit Elísabetar Englandsdrottningar er á öllum myntunum og líka á seðlunum. Fyrsti seðillinn með andliti Elísabetar Englandsdrottningar var eins punds seðill sem gefinn var út árið 1960. Ein sjaldgæfasta breska myntin er penní frá árinu 1933. Það ár voru fáar myntir slegnar því nóg var til af þeim. Í raun er talið að eins pennis myntir frá árinu 1933 séu ekki nema sjö. Vegna gamallar hefðar voru þrjár þeirra grafnar í grunn bygginga sem reistar voru það ár. Árið 1971 voru gerðar miklar breytingar á breska gjaldmiðlinum. Þá var pundinu skipt upp í 100 penní. Fram að því höfðu verið 12 penní í hverjum skildingi og 20 skildingar í hverju pundi.

Staðreyndir um sterlingspundið

Breska pundið, verandi elsti gjaldmiðill heims, á sér ýmsar hefðir sem ekki allir vita um. Hér koma nokkrar áhugaverðar staðreyndir um pundið:

Andlit þjóðhöfðingja Bretlands á bresku myntinni snýr í mismunandi áttir eftir því hver er við völd. Elísabet II. Englandsdrottning sem nú er við völd snýr hægri hliðinni fram, en þegar Charles sonur hennar tekur við mun vinstri hlið hans sjást á peningnum. Þegar röðin er svo komin að William syni hans þá mun hægri hlið hans snúa fram og svo koll af kolli. Tvær eins pennis myntir eru jafn þungar og ein tveggja pennía mynt. Tvær fimm pennía myntir eru jafn þungar og ein tíu pennía mynt.

Þegar nýjar myntir eru slegnar eru þær alltaf merktar með útgáfuárinu. Árið 2009 fóru þó fyrir mistök, um 200.000 20 pennía myntir í umferð sem vantaði á útgáfuárið. Nokkrar þeirra voru seldar á uppboði fyrir margfalt verðgildi sitt. Þó að 50 punda seðillinn sé sá seðill í almennri umferð sem hefur hæst verðgildi, þá eru til raunverulegir, löglegir einnar milljónar og 100 milljóna punda seðlar. Þeim er ekki ætlað að koma fyrir sjónir almennings. Þessir seðlar eru til í seðlabönkum Skotlands og Norður-Írlands. En fyrir hvert pund sem skoski og norður-írski bankinn gefa út, verður að vera til trygging fyrir upphæðinni í breskum pundum frá Seðlabanka Englands.

Alipay og Wechatpay á Íslandi

Splitti var stofnað í upphafi ársins 2019 en fyrirtækið býður upp á greiðslulausnir fyrir verslanir og netverslanir með áherslu á að ná til kínverskra viðskiptavina og fá þá til að versla hérlendis.

Sturla Þórhallsson, forstjóri Splittis, segir fyrirtækið hafa verið stofnað vegna þess að ákveðnar lausnir hafi vantað á Íslandi þegar kemur að greiðsluleiðum.

„Upprunalega var hugsunin bak við Splitti að einbeita okkur að ferðaþjónustunni en þegar COVID kom breyttum við um stefnu. Við fórum þá að einblína á verslanir og netverslanir og hugsa um hvernig við fáum kínverska viðskiptavini til að versla af íslenskum fyrirtækjum. Það hefur tekist með mikilli lukku," segir Sturla.

„Við höfum verið að tengja Alipay og Wechatpay við bókunarvélar og netverslanir ásamt kassakerfum. Við erum einnig með flottar lausnir þegar kemur að posum til að taka á móti greiðslum. Við erum með smartposa og posatæki, en færslugjöld eru mjög hagstæð hjá okkur. Við reynum að hafa þau í takti við kortafyrirtækin hér á Íslandi. Okkar viðskiptavinir hafa verið ánægðir með það."

Af hverju að bjóða upp á Alipay & Wechatpay?

„Kínverjar, hvort sem þeir eru í ferðalagi eða búsettir í Evrópu, eru mun líklegri til að eiga viðskipti við fyrirtæki sem taka á móti þeirra greiðsluleiðum, einfaldlega vegna þess að þeir treysta þessum greiðsluleiðum. Þetta vegur enn meira en VISA og Mastercard í þeirra augum. Það hefur sýnt sig og sannað hér á landi, að ferðamenn frá Kína versla meira og eru líklegri til að staldra lengur við á þeim stöðum þar sem þeir finna sig velkomna. Þar koma þeirra greiðsluleiðir sterkar inn," útskýrir Sturla.



Sturla Þór forstjóri og Hannes Baldursson tæknistjóri og meðeigandi Splittis bjóða upp á sérsniðnar greiðslulausnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ferðamenn frá Kína versla meira og eru líklegri til að staldra lengur við á þeim stöðum þar sem þeir finna sig velkomna.**

„Við erum eina fyrirtækið í Evrópu, ásamt okkar samstarfsaðilum, sem býður upp á daglegt uppgjör í Alipay og Wechatpay. Við bjóðum einnig upp á vikulegt og mánaðarlegt uppgjör en uppgjörstími fyrir verslanir og veitingahús er mjög mikilvægur."

Sturla nefnir að Splitti vinni bæði með innlendum og erlendum færsluhirðum og bjóði þess vegna upp á greiðslur með Visa og Mastercard auk kínversku greiðsluleiðanna.

„Við erum í samstarfi við innlendan og erlendan færsluhirði og þjónustum bæði fyrirtæki á Íslandi og í Evrópu hvað það varðar," segir Sturla og bætir við að þrátt fyrir COVID sé fyrirtækið í örum vexti.

„Eins og allir vita er ferðaþjónustan í lamasessi og margar túristabúðir eru á hraðri niðurleið eða þeim hefur verið lokað. Samt hefur okkur tekist að aðstoða aðila úti í þjóðfélagi að nálgast kínverska viðskiptavini. Þrátt fyrir að COVID sé að herja á okkur hefur fyrirtækið vaxið ört á COVID tímanum og hlakkar okkur til þegar ferðaþjónustan fer í gang aftur!

ES&SY - Nanna peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.980

YESTA - Aivy Skyrta
fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 44-60
Verð kr. 8.980

YESTA - TessA gallabuxur
fást í svörtu og bláu
Stærðir 44-60
Verð kr. 9.980

TAMARIS - business casual skór
Fást í svörtu og koníaksbrúnu
Stærðir 37-42
Verð kr. 19.990

TAMARIS inniskór
fást í svörtu og brúnu
Stærðir 36-42
Verð kr. 8.990

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

GOZZIP - Johanne Skyrtukjóll
með doppum fæst í svörtu og Chilirauðu
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

GOZZIP Gozzip - látlaus hlýrakjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 8.980

GOZZIP - Einlitur skyrtukjóll
Fæst í nokkrum litum
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

GOZZIP - Lene A shape kápa
Stærðir 40-56
Verð kr. 22.980

STUDIO - tunika með blómamynstri
Stærðir 40-56
Verð kr. 13.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | Tamaris | Handberg | Jana

ZHENZI - Gode kjóll með blómamynstri
fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990

YESTA - regnkápa með Snake print
Stærðir 44-56
Verð kr. 22.980

YESTA - Amoli sumarkápa
Stærðir 44-60
Verð kr. 22.980

YESTA Hasana shiffonkjóll
Stærðir 44-56
Verð kr.12.980

ZHENZI - lokuð hettupeysa
Stærðir 42-56
Verð kr. 11.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Hin eina sanna diskódrottning

Donna Summer sló í gegn á áttunda áratug síðustu aldar með ótal ódauðlegum slögurum en hún er talin ein áhrifamesta tónlistarkona síns tíma og hlaut viðurnefnið Diskódrottningin.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Þann 31. desember árið 1948 fæddist þeim Mary og Andrew Gaines í Massachusetts lítil stúlka sem hlaut nafnið LaDonna Adrian Gaines. Móðir hennar var kennari en faðir hennar slátrari. LaDonna var tíu ára gömul þegar hún kom fyrst fram á sviði í kirkju, þegar hún hljóp í skarðið fyrir söngvara sem mætti ekki. Sagan segir að söfnuðurinn hafi tekið andköf af aðdáun þegar hin unga LaDonna hóf upp raust sína.

Gæfuspor í Þýskalandi

Skömmu áður en hún útskrifaðist úr gagnfræðaskóla fór hún í áheyrnarprufu fyrir uppsetningu á söngleiknum Hárinu í Þýskalandi. Þegar hún fékk hlutverkið hætti hún í skólanum og fluttist til München. Eftir að sýningum lauk ákvað hún að dvelja lengur í Þýskalandi og kynntist þar leikaranum Helmuth Sommer, sem hún svo giftist árið 1973, og eignuðust þau dóttur sama ár. Það var þá sem hún tók upp nafnið Donna Sommer.

Þegar Donna var í upptökuveri að syngja bakraddir fyrir hljómsveitina Three Dog Night kynntist hún svo ítalska tónsnillingnum Giorgio Moroder og Pete Bellotte, en þau þrjú ákváðu að fara í samstarf sem átti eftir að reynast afar farsælt. Árið 1974 gaf Sommer út sína fyrstu breiðskífu sem hét „Lady of the Night“ þar sem Bellotte og Moroder voru lagahöfundar.

Donna Summer klæddist gjarnan glitrandi fatnaði í anda áttunda áratugarins sem endurspeglaði stöðu hennar sem sjálfrar drottningar diskósins.

Glitrandi goðsögn

Á næstu árum gaf hún út fjölda vinsælla platna og öðlaðist heimsfrægð með ódauðlegum slögurum á borð við Love to love you baby og I feel love. Fljótlega fékk hún hið verðskuldaða viðurnefni Diskódrottningin og er hún meðal annars sögð hafa haft mikil áhrif á þróun raftónlistar. Hún flutti aftur til Bandaríkjanna árið 1975 þar sem hún sló síðan ýmis met á vinsældalistum og vann til fimm Grammy-verðlauna svo eitthvað sé nefnt.

Glæsileg Summer í hvítum og bleikum kjól með hjartahálsmen.

Donna vakti eftirtekt fyrir klæðaburð en hún var eins konar holdgervingur diskótímabilsins. Hún klæddist gjarnan glitrandi síðkjólum, feldum eða jafnvel fjöðrum, slám og samfestingum. Pallíettur, kögur og flæðandi ermar voru áberandi og einnig sítt krullað hárið.

Árið 1976 skildi hún við eiginmann sinn en ákvað að halda eftirnafninu en í stað Sommer var það skrifað Summer. Árið 1980 giftist hún seinni eiginmanni sínum, Bruce Sudano, og eignaðist hún síðan tvær dætur til viðbótar.

Summer var ekki nema 63 ára gömul þegar hún lést úr lungnakrabbameini árið 2012. Haft var eftir Summer að hún teldi krabbameinið hafa myndast eftir að hún andaði að sér eiturgufum og ryki í kjölfar árásarinnar á Tvíburaturnana en á degi árásarinnar var hún í íbúð sinni í New York sem var staðsett nálægt „Ground Zero“. Einhverjir töldu þessa kenningu ósennilega og að líklega hefðu reykingar hennar á yngri árum frekar haft sitt að segja ásamt óbeinum reykingum sem hún var í á meðan hún kom fram, auk þess sem lungnakrabbamein væri algengt í fjölskyldu hennar.

Árið 1983 í gengilbeinubúningnum úr myndbandinu við She Works Hard for the Money. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

DÖMU OG HERRA

LAGERSALA

NTC

HALLARMÚLI 2

EINFÖLD VERÐ

1.000 KR - 2.000 KR - 3.000 KR
4.000 KR - 5.000 KR - 7.000 KR
9.000 KR - 12.000 KR - 15.000 KR

FULLT AF NÝJUM FATNAÐI OG SKÓM
FRÁ EFTIRFARANDI VERSLUNUM

galleri sautján · gs skór · GK REYKJAVIK · SMASH URBAN · COMPANYS · eva · KARAKTER KONUR · Kultur menn · Kultur

VINSÆL VÖRUMERKI

SAMSØE · SAMSØE · five UNITS · carhartt · DAY BIRGER ET MIKKELSEN · MOSS REYKJAVIK · PART TWO · ETON · J.LINDEBERG · NIKE · BY MALENE BIRGER · VANS · Herschel · billi bi COPENHAGEN · Calvin Klein · InWear · envii · Paul Smith · FILA · TIGER OF SWEDEN · Matinique

Lagersala NTC Mán-Föst: 11 - 17 Laugardaga: 12 - 17 lagersalantc Hallarmúli 2

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsfélagið Engjaseli 52-68 óskar eftir tilboði í málningarvinnu á bilskýli. Nánar í s. 693 3041 milli 16 og 18

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Þakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com



PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

221 Málarar ehf geta bætt við sig verkum inni. Sími 772 1765

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Húsnæði óskast

Sendiráð óskar eftir húsnæði

Þýska sendiráðið óskar eftir 3ja-4ra herb. húsnæði án húsgagna til leigu frá mars í 3-4 ár í Reykjavík eða nágrenni.

Upplýsingar sendist vinsamlegast á info@reykjavik.diplo.de eða í s. 530 1100

Íbúðaeignir
Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.ibudaeignir.is

Nánari upplýsingar:
Halldór Már Sverrisson,
löggiltur fasteignasali
í síma 898 5599
halldor@ibudaeignir.is

Háteigsvegur 3, 105 Reykjavík

TIL SÖLU

Til sölu falleg 2-3ja herbergja íbúð á 1. hæð á eftirsóttum stað við Háteigsveg 3 í 105 Reykjavík. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni.
Eldhús er opið með fallegri viðar inn-réttingu, Zanussii keramikhelluborð og bakaraofn, eldhús og borðstofa er flísa-lögð. Stofa og herbergi eru með dökku viðarparketi.
Möguleiki er að breyta skipulagi íbúðar og að bæta við öðru herbergi.

Mjög góð íbúð á frábærum stað. Íbúðin er laus við kaupsamning.
Verð: 44.900.000 kr

www.ibudaeignir.is

- **Einbýli, par- eða raðhús** eða **hæð** í Grafarvogi **með þremur** eða fleiri **svefnherbergjum** fyrir allt að 95 millj.
- Ákveðnir kaupendur

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

MIKLABORG
569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

EYJALIND

Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

bauhaus.is

BAUHAUS®

Mikið úrval af málningu og málningavörum!

JOTUN

Loft- & veggmálning 9 l
GV 5000969A
Alhliða vegg- og loftmálning fyrir öll almenn rými. Mött, glans 5. Hægt að blanda í mörgum litum. Þekur 8-10 m² á l.

5.995.-
~~7.295.-~~

Sadolin

9.995.-

Grunnur fyrir votrými 2,7 l
GV 5046686A
Hægt að nota til að líma, setja upp grunna votrýmis trefjavef. Þekur 2-5 m² á l.

JOTUN

14.995.-

Lady supreme finish viðarmálning 2,7 l
GV 5000225A
Hágæðalakk fyrir glugga, hurðir, innréttingar, panel og annað tréverk innanhúss. Fæst í almöttu - glans 5, hálfglans - glans 15, hálfglansandi - glans 40 og háglans - glans 80. Hægt að blanda í fleiri litum. Þekur 8-10 m² á l.

PROBAU

Sílikon í votrými 300 ml
GV 5359983A
Til að fúga og þétta, þurrt, hreint og fitulaust yfirborð í votrými.
Hvítt og grátt.

895.-
~~1.095.-~~

JOTUN

Votrýmisspartl 400 ml
GV 5009957N
Hentugt til spörtlunar á samskeyttum veggjum og loftum í votrými. Þekur 1 m² á l.

1.195.-
~~1.495.-~~

Fáðu góð ráð hjá sérfróðu starfsfólki okkar!

PROBAU

Léttspartl 10 L
GV 5143225C
Spartl fyrir veggi og loft í þurrrými. Þekur 1 m² á l.



Kjarakaup

1.995.-
~~2.995.-~~

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðin gilda aðeins frá fimmtudeginum 4.febrúar til og með 1.mars meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

18. FEBRÚAR 2021 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1145 Evgenius III. verður páfi.

1229 Friðrik II. nær völdum í **Jerúsalem**, Betlehem og Nasaret með vopnahléssamningi við Al-Kamil soldán.

1875 Eldgos í Sveinagjá á Mývatnsöræfum.

1878 Alþýðuskólinn í Flensborg stofnaður í Hafnarfirði.

1885 Snjóflóð fellur á fjórtán íbúðarhús á Seyðisfirði og 24 farast.

1910 Tuttugu farast í snjóflóði á Hnífsdal.

1930 Clyde Tombaugh finnur Plútó.

1934 Sjúkrahús Hvítabandsins í Reykjavík vígt.

1954 Vísindakirkjan stofnuð í Los Angeles.

1959 Vitaskipið Hermóður ferst við Reykjanes með tólf manna áhöfn.

1965 Gambía fær sjálfstæði frá Bretum.

1967 Golfklúbburinn Keilir stofnaður.

2010 WikiLeaks birtir fyrstu gögnin frá Chelsea Manning.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Rafn Magnússon

vélfræðingur og kennari,
Löngulínu 7, Garðabæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ísafold Garðabæ mánudaginn 15. febrúar. Útför hans verður auglýst síðar.

Eva Guðmundsdóttir

Vilborg Rafnsdóttir
Kristinn Rafnsson **Sólborg Tryggvadóttir**
Elsa Rafnsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Eiginkona mín og frænka okkar,

Hallbera Karlsdóttir

Kirkjubraut 36, Höfn,

andaðist á Skjólgarði á Höfn 13. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Hafnarkirkju laugardaginn 20. febrúar klukkan 11. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir en streymt verður frá athöfninni. Slóðin birtist á heimasíðu og fésbókarsíðu kirkjunnar á föstudag. Jarðsett verður í Hofskirkjugarði í Öræfum sama dag.

Halldór Vilhjálmsson
Ásdís Gunnarsdóttir
Gunnþóra Gunnarsdóttir
Sigurður Gunnarsson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Á. Guðjónsson

klæðskerameistari,
áður til heimilis að Langagerði 28,

lést á Hrafnistu Boðaþingi, sunnudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 23. febrúar klukkan 13.

Ómar Kristinsson
Hörður Kristinsson
Pálmi Kristinsson
Svandís Kristinsdóttir
Kristín Geirsdóttir
Rut María Jóhannesdóttir
Salóme Tynes
Sveinn Bragason
Reynir Holm

barnabörn og barnabarnabörn.

Prófanir á Marsjeppum í umhverfi Langjökuls árið 2019. Þar svipar umhverfinu til yfirborðs Mars. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrautseigja lendir á Mars

Háskólinn í Reykjavík og Geimvísindastofnun Íslands standa að streymisviðburði í dag þar sem hægt verður að fylgjast með lendingu Marsjeppa NASA, Þrautseigju.

Í kvöld lendir Marsjeppi NASA, Þrautseigja (e. Perseverance), á plánetunni Mars. Hlutverk hans er meðal annars að rannsaka hvort ummerki um örverulíf megi finna á plánetunni.

Þrautseigja lagði af stað í 480 milljón kílómetra ferðalag sitt 30. júlí síðastliðinn, en ásamt jeppanum verður þyrlan Hugvit (e. Ingenuity). Gangi allt að óskum verður hún fyrsta flugfar mannkyns á annarri plánetu.

Í tilefni lendingarinnar standa Háskólinn í Reykjavík og Geimvísindastofnun Íslands fyrir viðburði á vefnum þar sem hægt verður að fylgjast með höfuðstöðvum NASA á meðan á lendingunni stendur og hlusta á fræðimenn ræða um verkefnið.

„Þetta er mikilvægt skref í langri og mikilli sögu af tilraunum okkar til að kanna og skilja betur sólkerfið," segir Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, sem stýrir viðburðinum. „Þetta skiptir okkur á jörðinni afskaplega miklu máli. Að skilja hvernig sólkerfið hefur og mögulega mun þróast, og svo er þetta líka okkar næsta umhverfi."

Ari er verkefnum sem þessum ansi kunnugur en hann stýrði áður þróunarteymi NASA fyrir hugbúnað á Marsjeppunum Spirit og Opportunity. Hann segir áhuga á Mars hafa komist á nýtt stig síðustu tvo áratugi.

„Mars er miklu áhugaverðari pláneta en áður var talið," segir hann. „Þar rann vatn í fortíðinni og það eru allar líkur á því að það hafi verið aðstæður fyrir líf þar á einhverjum tímapunkti. Það er ekkert útilokað að það sé eitthvað sem þrífist þarna enn þá. Lending Þrautseigju er stórt skref í að svara þessum stóru spurningum vísindanna."

Ísland hefur þjónað mikilvægu hlutverki í geimvísindum í gegnum árin, en flestir hafa heyrt af æfingum Apollotunglfaranna í Þingeyjarsýslu. Á undanförnum árum hefur NASA einnig



Tölvugerð mynd af Marsjeppanum Þrautseigju á yfirborði Mars. MYND/NASA

> **Ég held það hafi aldrei verið jafn spennandi tími til að kanna sólkerfið og einmitt núna.**
>
> Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

prufukeyrt Mars-jeppa á Íslandi þar sem aðstæður eru svipaðar og á yfirborði Mars.

„Geimferðir eru bæði flóknar og dýrar, og þess vegna er mikilvægt að undirbúa þær sem best," segir Ari. „Þá er mikilvægt að finna staði á jörðinni sem eru jafnlíkir áfangastaðnum og finna má. Á Íslandi má finna margar jarðfræðilegar hliðstæður og á Mars sem henta geysilega vel til tilrauna og æfinga."

Ásamt Ara munu stjörnulíffræðingurinn Angélica Anglés og geimvísindamaðurinn Michael Thorpe ávarpa áhorfendur í streyminu.

„Þau eru bæði á kafi í þróun þessara hluta, og ég verð að viðurkenna að ég hlakka sjálfur mikið til að hlusta á hvað þau hafa að segja," segir Ari. „Þau munu tala við okkur um það hvernig líf gæti verið að þróast á öðrum stöðum en jörðinni og svo hvernig sýnataka á Mars muni fara fram. Þetta verður ótrúlega áhugavert.

